

# ÞINGIÐ VERÐUR AÐ FELLA ICESAVE

Jón Ólafsson athafnamaður vill að ríkisstjórnin víki og við taki þjóðstjórn allra flokka sem láti pólitík lönd og leið.

VIÐTAL 14

# MIÐNÆTURSÓL Í NORÐRI

FRÉTTABLAÐIÐ HEIMSÆKIR ILULISSAT Í GRÆNLANDI

FERÐALÖG Í MIÐJU BLAÐSINS




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

HELGARÚTGÁFA

18. júlí 2009 — 169. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


VIÐTAL 16



Margrét Hannesdóttir varð 105 ára á miðvikudaginn og býr ein

STJÓRNMÁL 10

Sannfæring vék fyrir samstöðu

INNI OG ÚTI

Nýtt torg undir tónleika og markaði



TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG








Fréttablaðið er með 117% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára. Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**BEÐIÐ EFTIR KRÓNUM** Útskriftarnemar úr flugherskóla Frakklands, sem eru í útskriftarferð á Íslandi, bíða í þráðbeinni röð við hraðbanka á Austurstræti. Þau verja fjórum dögum hér og gista á svæði Varnarmálastofnunar. Í gærkvöldi heimsóttu þau franska sendiráðið. Eftir Íslandsdvölina halda þau för sinni áfram til Kanada. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Sameinuð og öflugri efnahagsbrotadeild

**Dómsmálaráðherra segir skynsamlegt að sameina efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara. Nýja embættið ekki undir RLS.**

**STJÓRNSÝSLA** Skynsamlegt er að sameina Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti fjögurra sérstakra saksóknara, að mati Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra. „Efnahagsbrotadeildin yrði við það færð frá ríkislögreglustjóra þar sem embætti sérstaks saksóknara er sjálfstætt og ekki hægt að hafa það undir ríkislögreglustjóra,“ segir Ragna og telur sérþekkinguna nýtast best með þeim hætti.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir mörg rök hníga að þessu og æskilegt sé að lagðir séu saman kraftar á þessu sviði.

Skipa á þrjá nýja sérstaka saksóknara við hlið þess sem nú er. Þetta segir í nefndaráliti allsherjarnefndar frá því á fimmtudag. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður nefndarinnar segir að með þessu sé efnislega gengið að þeim tillögum sem Eva Joly lagði fram. Hún gerir ráð fyrir að frumvarpið verði samþykkt í næstu viku.

„Því ber að fagna að fjölgað verður um þrjá saksóknara,“ segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari.

Ekki liggja enn fyrir áætlanir um fjárframlög til sérstaks saksóknara. „Áætlanir frá sérstökum saksóknara og samkvæmt tillögum Evu Joly eru nálægt 500 milljónum á ári,“ segir Ragna sem telur að auka þurfi fjárveitinguna frá því sem nú er. Til samanburðar má geta þess að embætti ríkissaksóknara er með um 126 milljónir.

- vsp / sjá nánar á síðu 6






Íslendingar í aukahlutverkum:

## Rússnesk stórmynd á Íslandi

**FÓLK** Leikarinn Sigurður Skúlason landaði óvænt hlutverki í nýjustu mynd rússneska leikstjórans Aleksandrs Sokurov. Myndin er tekin upp að hluta á Íslandi og voru haldnar prufur í samstarfi við Eskimó í maí, en Saga Film hefur framleiðslu myndarinnar hérlendis á sínum snærum.

Sigurður verður í stóru aukahlutverki og hefur þegar farið til Rússlands í búningamátun. Auk Sigurðar eru hafnar samningaviðræður við fimm unga leikara úr Listaháskóla Íslands í minni hlutverk.

Sokurov er leiðandi afl í rússneskri kvikmyndagerð en frægastar eru myndir hans Rússnesk örk (Russian Ark) og Feðgar (Father and Son). - kbs / sjá síðu 30

Framsækinn dýraþjálfari:

## Hundur getur lesið af blaði

**DÝR Dýraþjálfarinn Lyssa Rosenberg hefur kennt terríer-hundinum sínum Willow að hlýða skriflegum tilskipunum. Til dæmis teygir Willow loppu í loftið þegar hún sér orðið „veifaðu“. Einnig stendur hún upp þegar hún sér það skrifað.**

**„Hún er ótrúlega fljót að læra,“ sagði Rosenbergen Willow getur leyst 250 mismunandi þrautir. „Síðan lofaði vinur minn mér ferð til Mexíkó ef ég gæti kennt henni að lesa.“ Willow var ferðafélagi Rosenberg enda hefur hún sitt eigið dýravegabréf.**

**Það tók Willow aðeins sex vikur að læra orðin og hegða sér eftir þeim. Hún þekkir ekki aðeins skrift Rosenberg heldur getur hún skilið mismunandi skrift og lesið af tölvu.** - vsp




## SPURNING DAGSINS



*Katrín, heldurðu að það sé þess vegna sem Birgir vildi bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu?*

„Ég skal ekki segja hversu bundinn hann vill vera.“

Birgir Ármannsson talaði um að heyrst hefði í svipuhöggum og handjárnahringli þegar vinstri græn hefðu verið barin til hlýðni í ESB-málinu. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra svaraði því til að hugsanlega væru svipuhögg og flengingar hluti af hans reynsluheimi.

Þingræða samhljóða enskri Adidas-auglýsingu:

# Var á vegg í Vilnius

**STJÓRNMÁL** Róbert Marshall, þingmaður Samfylkingar, flutti ræðu á þingi á fimmtudag í umræðu um ESB-ályktun ríkisstjórnarinnar sem þykir óneitanlega mjög lík kafla úr bók Johns C. Maxwell um leiðtogahæfni, The Difference Maker frá 2006. Þessi texti var einnig notaður í Adidas-auglýsingaherferð árið 2006.



RÓBERT MARSHALL

„Þetta er eitthvað sem ég sá á vegg í Vilnius. Mér fannst þetta eiga mjög vel við,“ segir Róbert sem segist vera, eins og margir gamlir blaðamenn, áhugamaður um tungumál.

En þurftir þú ekki að spyrja um leyfi forseta Alþingis til að fá að vitna í þetta? „Nei ég breytti textanum það mikið að ég þurfti ekki að biðja um leyfi forseta,“ segir Róbert en samkvæmt 58. gr. þingskaparlaga má ekki lesa upp prentað mál nema með leyfi forseta Alþingis.

Róbert segist ekki hafa þýtt textann heldur lagt út af honum, svipað eins og þegar lagt er út af sönglögum og ljóðum. Jafnframt segist hann ekki hafa verið með skrifaða ræðu heldur eingöngu punkta. **- vsp**

## RÆÐA RÓBERTS OG TEXTI MAXWELLS




Ræða Róberts hljóðar orðrétt svona:

„En ómögulegt er bara orð sem notað er af fólki sem vill lifa í veröldinni eins og hún er frekar en að kanna til hins ýtrasta möguleika sína á að breyta henni. Það er ómögulegt er ekki staðreynd, það er skoðun. Það er ómögulegt er ekki yfirlýsing, það er áskorun. Ómögulegt er tímabundið ástand. Ómögulegt er mögulegt. Ómögulegt er ekkert. Ekkert er ómögulegt.“

Þetta er úr bók Johns C. Maxwell, kennara í leiðtogahæfni.

„Impossible is just a big word thrown around by small men who find it easier to live in the world they've been given than to explore the power they have to change it. Impossible is not a fact. It's an opinion. Impossible is not a declaration. It's a dare. Impossible is potential. Impossible is temporary. Impossible is nothing.“

Laugavegshlaupið í dag:

# Ein í flokki 60 ára kvenna

**HEILSA** Þrettánda Laugavegshlaupið er haldið í dag og leggja 342 keppendur af stað hina 55 km löngu leið milli Landmannalauga og Þórsmerkur.

Meðal þeirra er Hallgerður Arnórsdóttir sem er fyrsti og eini keppandinn í flokki kvenna 60 ára og eldri, en hún verður sextug á árinu. „Mér finnst bara gaman að geta gert þetta,“ segir Gerður hógvær. Flokkurinn var búinn sérstaklega til fyrir hana. Eins þurfti að búa til flokk kvenna 50 ára og eldri þegar hún tók í fyrsta sinn þátt í hlaupinu fyrir tíu árum. **- sg /sjá Allt**

Kadyrov, forseti Tsjetsjeníu:

# Hafði hótað Estemirovu

**RÚSSLAND, AP Ramzan Kadyrov, forseti sjálfstjórnarlýðveldisins Tsjetsjeníu, sem er hluti Rússlands, hafði hótað Natalíu Estemirovu á síðasta fundi þeirra, sem var í mars árið 2008.**

**Hún sagði hann hafa stært sig af því að vera blóðugur upp að olnboga. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem hún lenti upp á kant við valdamenn vegna skrifa sinna og uppljóstrana.**

**Á miðvikudaginn var henni rænt í Grosní, höfuðborg Tsjetsjeníu, og fannst myrt fáeinum klukkustundum síðar.** **- gb**

## STRANDIR

### Forsetinn verndar sýningu

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, verður verndari atvinnu- og menningarsýningar á Ströndum, sem verður opnuð þann 29. ágúst næstkomandi. Fjörutíu sýningarpláss hafa verið bókuð á sýninguna, en hún á að efla ímynd Stranda.

# Telja fórnarlambið aldrei munu ná sér

**Ungur maður er ákærður fyrir að örkumla annan með því að aka Hummer-jeppa yfir hann undir áhrifum áfengis. Sá er slasaðist mun aldrei ná sér. Maðurinn er einnig ákærður fyrir að brenna nánast mann inni við Kleppsveg fyrr í sumar.**

**DÓMSMÁL** Ungur maður, Jón Kristinn Ásgeirsson, hefur verið ákærður fyrir að valda öðrum manni ævarandi örkumlum með því að aka á hann á Hummer-bifreið í janúar. Jón Kristinn er jafnframt ákærður, ásamt öðrum, fyrir að kveikja í húsi við Kleppsveg í byrjun júní og koma manni sem þar var innandyra í bráða lífshættu.

Það var um nótt, þriðju helgina í janúar, sem Jón Kristinn ók Hummer-jeppa Ásgeirs Þórs Davíðssonar, föður síns, niður Laugaveginn. Bíllinn var merktur Steak & Play, veitingastað í eigu Ásgeirs. Nokkrir voru með Jóni Kristni í bílnum.

Á gatnamótunum við Vegamótastíg ók hann á 26 ára meistaranema í lögfræði og slasaði hann alvarlega. Jón Kristinn ók síðan af vettvangi, en lögreglan hafði hendur í hári hans skömmu síðar.

Jón Kristinn var ölvaður, og hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins játað það. Þá er talið að hann hafi ekið jeppanum of greitt.

Maðurinn sem ekið var á var í lífshættu um tíma. Hann dvelur nú á Grensásdeild Landspítalans og er verulega skaðaður til frambúðar, að sögn læknis á deildinni. Ekki er víst að hann komist nokkru sinni út í samfélagið á ný.

Til er upptaka af slysinu úr verslun úrsmiðsins Franks Michelsens við Laugaveg, sem hefur verið notuð við rannsókn málsins.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Jón Kristinn ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás af gáleysi og ölvunarakstur.



**VIÐ KLEPPSVEG** Húsið sem kveikt var í gjöreyðilagðist. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Jón Kristinn hefur nú setið í gæsluvarðhaldi í rúman mánuð vegna íkveikjunnar á Kleppsvegi. Í því máli eru þrír ákærðir, fyrir að skvetta bensíni á húsið og bera að því eld.

Þar var maður á miðjum aldri hætt kominn, en komst út af eigin rammleik áður en húsið varð alelda. Húsið eyðilagðist.

Í gæsluvarðhaldsúrskurðum yfir fólkinu kom fram að í bíl þeirra, sem var fyrir utan húsið við Kleppsveg, fannst listi yfir fíkniefnaskuldir.

Fólkið verður ákært fyrir íkveikju, samvæmt annarri málsgrein lagaákvæðisins, sem gildir um þá sem kveikja í og sjá jafnframt fram á að „… mönnum mundi vera af því bersýnilegur lífsháski búinn eða eldsvoðinn mundi hafa í för með sér augljósa hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna“.

Lægsta refsing við slíku broti er tveggja ára fangelsi. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag.

**stigur@frettabladid.is**



**HUMMER** Bíllinn sem Jón Kristinn ók var eins og þessi, nema merktur Steak & Play í bak og fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



**ÞORGERÐUR K. GUNNARSDÓTTIR** Hjáseta hennar var rædd í Valhöll í gær.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir:

# Gagnrýnd fyrir hjásetuna

**STJÓRNMÁL Þorgerður K. Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, mátti sitja undir býsna harðri gagnrýni flokksfélaga sinna á fundi miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins í gær.**

**Fór fyrir brjóstið á mönnum að Þorgerður sat hjá við atkvæðagreiðslu Alþingis um Evrópusambandstillögu ríkisstjórnarinnar. Fannst þeim lítill bragur á að forysta flokksins væri ekki samstíga í andstöðu í málinu.**

**Formaður flokksins, Bjarni Benediktsson, sagði í Sjónvarpinu í gær að óheppilegt væri að ekki væri einhugur í forystunni.** **- bþs**

Bryggjuhátíð á Stokkseyri:

# Grillað í öllum görðum í kvöld

**FÓLK** Stokkseyringar halda bryggjuhátíð í sjötta sinn nú um helgina. Undirtitill hátíðarinnar hefur alltaf verið „brú til brottfluttra“ og hafa brottfluttir alltaf sótt hátíðina vel.

Nú hefur öðrum undirtitli verið bætt við, „vinir frá Vík“ því sérstakir gestir frá Vík í Mýrdal mæta á svæðið.

Hátíðin var sett í gærkvöldi og verður fjölbreytt dagskrá fram á mánudagskvöld. Í kvöld verður til dæmis grillað í öllum görðum og ball verður haldið í íþróttahúsi Stokkseyringa. **- þeb**




Sendiherrar kynntu umsókn um Evrópusambandsaðild á viðeigandi stöðum:

# Umsóknin komin á sinn stað

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin hefur nú þegar komið umsókn sinni um aðild að Evrópusambandinu á framfæri.

Forsætisráðherra Svíþjóðar, sem fer með formennsku í ráðherraráði ESB, hefur borist bréf þar um og framkvæmdastjórn sambandsins fengið formlega kynningu á umsókninni.

Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra Íslands í Stokkhólmi, gekk í gær á fund ráðuneytisstjóra sænska utanríkisráðuneytisins og afhenti umsóknina. Er hún stíluð á Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, og Carl Bildt utanríkisráðherra.

Á sama tíma kynnti Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands gagnvart Evrópusambandinu, umsóknina fyrir framkvæmdastjórn þess.

Umsóknarbréfið er svohljóðandi í þýðingu blaðamanns: „Herra forseti. Íslenska ríkisstjórnin hefur þann heiður að tilkynna hér með, í samræmi við 49. gr. samnings Evrópusambandsins, umsókn lýðveldisins Íslands um aðild að Evrópusambandinu.“ Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra undirrita bréfið. **- bþs / vsp**



The Government of Iceland


50% AFSLÁTTUR
ÖLL SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR
2 fyrir 1
SÝPRIS
499
20% AFSLÁTTUR
GARÐVERKFÆRI
HJÓLBÖRUR - STUNGUSKÓFLUR - GAFFLAR
KANTSKERAR - TRJÁKLIPPUR
GRASKLIPPUR - KEÐJUSAGIR
SLÖNGUHJÓL OFL.
GARÐ ÚTSALA
Lýkur um helgina!
OREGON STÓLL
vnr: 3899087
4.990
VERÐ ÁÐUR ~~5.990~~
15-35% AFSLÁTTUR
GARÐ-HÚSGÖGN
25% AFSLÁTTUR
FLÍSPEYSUR, SOFT-SHELL, VINDFÖT, SANDALAR
SÓLBOÐI
499
HENGI PETÚNÍA
599
VERÐ ÁÐUR ~~1499~~
20-40% AFSLÁTTUR
GARÐ-LEIKFÖNG
PALLAOLÍA
3 LTR
1999
VERÐ ÁÐUR ~~2490~~
JOTUN
Treolje
35% AFSLÁTTUR
REIÐHJÓLA-HJÁLMAR
25% AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL
MEST SELDA PALLAOLÍA Á ÍSLANDI
Ís 10 kr
í Skútuvogi
HÚSASMIÐJAN
x
blómaval
Frábær saman
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 17.07.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,21 | 127,81 |
| Sterlingspund | 207,28 | 208,28 |
| Evra | 179,26 | 180,26 |
| Dönsk króna | 24,074 | 24,214 |
| Norsk króna | 19,888 | 20,006 |
| Sænsk króna | 16,251 | 16,347 |
| Japanskt jen | 1,3549 | 1,3629 |
| SDR | 197,46 | 198,64 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
231,9364

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Björn Valur Gíslason tók sé leyfi frá þingstörfum á fimmtudag til að fara á sjóinn:

# Hefði kosið eins og varamaðurinn



**BJÖRN VALUR GÍSLASON** Er kominn í frí frá þingstörfunum og heldur til veiða í dag.

**STJÓRNMÁL** Við upphaf hins sögulega þingfundar á fimmtudag þegar greidd voru atkvæði um aðildarumsókn að Evrópusambandinu upplýsti þingforseti að Björn Valur Gíslason, þingmaður VG, hefði tilkynnt forföll og kallað til varamann í sinn stað.

„Ástæðan er sú að ég er að fara á sjó,“ sagði Björn Valur í samtali við Fréttablaðið sem fyrir vikið varð af atkvæðagreiðslunum og tekur ekki þátt í þingstörfunum næstu tvær vikurnar. „Það var löngu ákveðið að ég færi út á þessum degi og þá reiknaði ég með að þetta ESB-mál yrði löngu búið og reyndar Icesave-málið líka.“

Bjarkey Gunnarsdóttir, varamaður Björns Vals, kaus gegn breytingartillögum stjórnarandstæðinga og með tillögu ríkisstjórnarinnar. Björn Valur segir að engu hefði breytt þó hann hefði verið við atkvæðagreiðsluna; hann hefði kosið eins og Bjarkey.

Björn Valur hefur um árabil verið skipstjóri á Kleifarberginu frá Ólafsfirði en fékk tímabundið leyfi frá þeim störfum eftir að hann var kjörinn á þing í apríl. „Þetta verður síðasta sjóferðin í bili. Ég geri svo upp hug minn um hvort ég hætti endanlega þegar þar að kemur.“ Kleifarbergið var við úthafskarfaveiðar á Reykjaneshrygg í síðustu sjóferð en skipstjórinn átti allt eins von á að fara á bolfiskveiðar að þessu sinni. **- bþs**

Íslenskar stúlkur handteknar:

# Eru góðkunnar lögreglunni

**LÖGREGLA Tvær íslenskar stúlkur, 18 og 19 ára gamlar, voru handteknar í Northampton í Englandi á fimmtudag eftir fjögurra daga alþjóðaleit. Faðir annarrar þeirra hafði hringt í lögregluna á Englandi og sagt að þær væru líklega á þessu svæði.**

**Stelpurnar eru grunaðar um stórfellda glæpi, til dæmis innbrot, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Um er að ræða góðkunningja lögreglunnar á Íslandi, samkvæmt heimildum.**

**Nú sem stendur eru þær í gæsluvarðhaldi, en tveir lögreglumenn komu til Íslands til að safna upplýsingum um þær. - vsp**

Fjárframlög birt lengra aftur:

# Ná til kosninga 2006 og 2007



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

**STJÓRNMÁL Birta á fjárframlög til stjórnmálaflokka lengra aftur í tímann en lög gera ráð fyrir í dag. Þetta var samþykkt af öllum formönnum stjórnmálaflokkanna. Sveitarstjórnar kosningarnar árið 2006 og alþingiskosningarnar árið 2007 verða birtar. Einnig er þeim tilmælum beint til þeirra sem tóku þátt í prófkjörum á þessu tímabili að veita upplýsingar um fjárframlög til sín.**

**„Við töldum að ekki væri hægt að neyða þau til þess að birta upplýsingarnar,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Hann ítrekar þó að þetta frumvarp hafi lítil áhrif á vinstri græn þar sem þau hafi verið með opinbert bókhald um árabil. - vsp**

Breyta á lögum um dómstóla:

# Héraðsdómum fækkað í einn

**STJÓRNMÁL** Steypa á saman héraðsdómstólunum átta og starfrækja einn héraðsdóm fyrir allt landið, samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra. Skal dómurinn hafa starfsstöðvar á ýmsum stöðum á landinu þar sem dómarar hafi fastan vinnustað.

Við sameiningu embættanna á að nást sparnaður í rekstri enda færist yfirstjórn og stjórnsýsla á einn stað.

Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra kynnti frumvarpið á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun. Fer það fyrir þingflokka stjórnarflokkanna eftir helgi og verður að líkindum lagt fram á þingi í haust. **- bþs**

# Forsetinn hvattur til að víkja úr embætti

**Tugir þúsunda stjórnarandstæðinga krefjast enn afsagnar Mahmouds Ahmadinejad Íransforseta. Lögregla beitti táragasi og handtók tugi manna. Rafsanjani segir deilurnar hafa valdið klofningi klerkastéttarinnar, sem stjórnar Íran.**

**ÍRAN, AP** Akbar Hashemi Rafsanjani, fyrrverandi forseti Írans, gagnrýndi stjórn landsins harðlega í predikun á bænadegi múslima í Teheran í gær. Hann sagði það mistök að hlusta ekki á gagnrýni almennings út af úrslitum forsetakosninga nýverið.

Tugir þúsunda stjórnarandstæðinga komu saman í tilefni af bænahaldinu og mótmæltu stjórninni af miklum krafti. Mahmoud Ahmadinejad forseti var hvattur til að segja af sér.

Lögregla beitti táragasi á hluta mótmælendahópsins. Tugir manna voru handteknir.

Rafsanjani sagði öllum ljóst að vafi léki á úrslitum kosninganna: „Stór hópur af skynsömu fólki segist hafa efasemdir. Við verðum að grípa til aðgerða til að útrýma þessum efa.“

Ræðan var ótvíræð ábending til Ali Khameini, æðsta leiðtoga landsins, sem hefur lýst því yfir að sigur Ahmadinejads í kosningunum sé hafinn yfir allan vafa.

Rafsanjani segir að deilurnar hafi valdið klofningi í klerkastéttinni, sem stjórnar landinu, og sagði hættu á stjórnarkreppu.

Mir Hossein Mousavi, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, sem um tíma var talinn hafa sigrað í kosningunum, sat í fremstu röð í föstudagsbænahaldinu. Þetta er í fyrsta sinn síðan ólgan hófst sem hann tekur þátt í bænahaldinu.

Rafsanjani hefur reglulega flutt predikanir á bænadegi múslima, en hefur ekki látið sjá sig í nokkrar vikur. Hann þótti hófsamur forseti sem vildi bæta samskiptin við Vesturlönd. Hann er harður andstæðingur Ahmadinejads og talinn hliðhollur Mousaveni. Dóttir hans og fjórir aðrir ættingjar hans voru handtekin eftir að hafa lýst opinberlega yfir stuðningi við Mousaveni, en þau voru fljótlega látin laus á ný.



**MÓTMÆLI Í TEHERAN** Stuðningsfólk Mousaveni hefur engan veginn sætt sig við hin opinberu úrslit kosninganna í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Stór hópur af skynsömu fólki segist hafa efasemdir. Við verðum að grípa til aðgerða til að útrýma þessum efa.
>
> **AKBAR HASHEMI RAFASANJANI**
> FYRRVERANDI FORSETI ÍRANS

Kosningar voru haldnar í júní og þótti Mousaveni nokkuð líklegur til að vinna sigur fyrir kosningarnar. Stuðningsmenn hans hafa ekki sætt sig við að opinber úrslit kosninganna, sem voru Ahmadinejad í vil, og segja brögð í tafli.

Fyrstu dagana eftir kosningarnar streymdu stuðningsmenn Mousaveni út á götur höfuðborgarinnar, en þau mótmæli voru barin niður af lögreglu og her. Hundruð manna voru handtekin og að minnsta kosti tuttugu létu lífið.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**10-11 Í ENGIHJALLA** Piltarnir höfðu stungið á sig vörum þegar öryggisvörðurinn hafði afskipti af þeim. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Tveggja ungra manna leitað:

# Réðust á öryggisvörð

**LÖGREGLUMÁL** Tveir ungir menn réðust á öryggisvörð í verslun 10-11 í Engihjalla í fyrrinótt. Hann hafði staðið piltana að þjófnaði í búðinni og ætlaði að hindra för þeirra. Þeir brugðust við með því að slá hann í jörðina og sparka í höfuð hans.

Piltarnir, sem báðir eru innan við tvítugt að sögn varðstjóra lögreglu, komust síðan undan á bíl. Lögreglan leitaði þeirra í gær, en númerið á bíl þeirra sást á upptökum úr öryggismyndavél og taldi lögregla sig því vita hverja um ræddi. Öryggisvörðurinn leitaði aðhlynningar á slysadeild en var ekki alvarlega meiddur. **- sh**

Tíu eldri borgarar í Japan:

# Fundust látnir á fjöllum

**JAPAN, AP Lögreglan í Japan rannsakar nú dauða tíu eldri borgara, sem fundust látnir í gær í fjallshlíðum í Hokkaido, norðan til í Japan.**

**Átta þeirra voru saman í átján manna hópi sem hélt upp á fjallið Tomuraushi á vegum japanskrar ferðaskrifstofu, en einn var að klífa sama fjall einn síns liðs. Sá tíundi lést á öðru fjalli á sömu slóðum.**

**Lögreglan er að kanna hvort skipuleggjendur ferðanna hafi gerst sekir um vanrækslu. Talið er að allt þetta fólk hafi látist úr ofkælingu. - gb**





LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**GÓÐVIÐRASÖM HELGI**

Enda þótt einhverjir dropar kunni að falla í formi skúra sunnanlands um tíma í dag verður veður á landinu gott. Vindur verður hægur, ágætlega milt á landinu og bjart verður með köflum, hálfskýjað eða léttskýjað en helst er að skýjað verði sunnanlands. Það hlýnar nokkuð vestanlands á sunnudag.



**Á MORGUN**
8-13 m/s við SA-ströndina og sumstaðar NV-til

**MÁNUDAGUR**
5-13 m/s stífastur SA-lands

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 27° |
| Amsterdam | 19° |
| Basel | 16° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 23° |
| Eindhoven | 19° |
| Frankfurt | 18° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 24° |
| Kaupmannahöfn | 21° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 23° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Osló | 21° |
| París | 21° |
| Róm | 27° |
| Stokkhólmur | 23° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

VIÐ VILJUM VINNA MEÐ ÞÉR

# Á réttri leið, Landsbankinn lækkar vexti

Þann 21. júlí lækka óverðtryggðir útlánsvextir Landsbankans um allt að 2 prósentustig og verðtryggðir útlánsvextir um allt að 1 prósentustig.

Landsbankinn hefur verið leiðandi í lækkun vaxta og tekur enn eitt mikilvægt skref í þá átt að létta undir með skuldsettum heimilum og fyrirtækjum í landinu.

---

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is, í síma 410 4000 eða í næsta útibúi.

Landsbankinn




410 4000 | landsbankinn.is

ENNEMM / SÍA / NM38627 NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

## KJÖRKASSINN



*Ertu ánægð(ur) með að ganga til aðildarviðræðna við ESB?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,3% |
| Nei | 50,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefði átt að setja fyrirvara um yfirráð yfir auðlindunum í þingsályktun um ESB?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Ólíklegt að endurskipulagningu Landsbankans ljúki á mánudag:

# Endurskipulagning tefst

**EFNAHAGSMÁL** „Það er verið að takast á um ákveðna liði og þetta mun dragast um einhverja daga allavega,“ segir Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar Landsbankans. Hann segir óljóst hvenær endurfjármögnunarferli Landsbankans muni ljúka og það muni væntanlega dragast eitthvað.

Í yfirlýsingu frá fjármálaráðuneytinu í gær kom fram að ráðgert væri að gera grein fyrir niðurstöðum samningaviðræðna á mánudag.

Páll segir að gert verði ákveðið stöðumat á mánudag en hann gerir ekki ráð fyrir því að ferlinu muni ljúka fyrr en seinni part næstu viku. Páll segir að þetta sé gríðarlega stórt og mikið mál og það hafi tekið aðeins meiri tíma en menn hafi upphaflega gefið sér.



**UPPLÝSINGAFULLTRÚI LANDSBANKANS** Páll Benediktsson segir endurskipulagningu Landsbankans viðamikið verkefni og það hafi tekið lengri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur það einnig tæpt að samningaviðræðum ljúki á mánudag á milli kröfuhafa og skilanefnda Kaupþings og Glitnis líkt og stefnt var að.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir það enn áætlað að ljúka viðræðunum á mánudag og ekki hafi verið ákveðið að fresta þeim að svo stöddu. Hann segir að stefnt sé að því að kynna málið fyrir nefndum og öðrum aðilum fyrir hádegi á mánudag. - bþa

22 tillögur um hælisleitendur:

# Umsóknirnar dragast úr hófi

**STJÓRNSÝSLA Nefnd um hælisleitendur sem dómsmálaráðherra skipaði síðasta vor hefur athugasemdir og tillögur í 22 liðum um hvað betur megi fara í afgreiðslu umsókna um hæli. Nefndin telur til dæmis að umsóknir um hæli taki alltof langan tíma. Einnig telur hún að, þrátt fyrir ákvæði Dyflinarsamningsins um endursendingu hælisleitenda, skuli skoða hvert tilvik fyrir sig. Leggur hún til sérkafla í útlendingalögum og að lögum verði breytt þannig að hælisleitendum verði ekki vísað úr landi fyrr en að liðnum 15 daga kærufresti, nema ríkar ástæður réttlæti það.** - vsp


## Travel John ferðaklósett leysa málið

*Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Engin kemísk efni, engin þrif, aðeins tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.*





TravelJohn

*Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í* ***Lyfju, Lyf og heilsu*** *og* ***Fjarðakaupum****.*

*Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími* ***555 3100*** *donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is*

## Barcelona

24. júlí

frá kr. 19.990

Verð kr. 19.990
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (KEF-BCN). Sértilboð 24. júlí. Ath. aðeins örfá sæti á þessu sértilboði.

***Allra síðustu sætin!***
Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á flugsætum aðra leiðina til Barcelona 24. júlí. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu þín í borginni sem býður frábært mannlíf og fjölbreytni í menningu, afþreyingu að ógleymdu fjörugu strandlífi og endalausu úrvali veitingastaða og verslana.

Heimsferðir

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





# Efnahagsbrotadeild verði færð frá RLS

**Dómsmálaráðherra telur skynsamlegt að sameina Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti fjögurra sérstakra saksóknara í eitt embætti. Sérstakir saksóknarar fá um 75 prósentum hærri fjárveitingu en embætti ríkissaksóknara.**

**STJÓRNSÝSLA** Skynsamlegt er að sameina Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti fjögurra sérstakra saksóknara, að mati Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra. „Efnahagsbrotadeildin yrði við það færð frá ríkislögreglustjóra þar sem embætti sérstaks saksóknara er sjálfstætt og ekki hægt að hafa það undir ríkislögreglustjóra.“ Gert er ráð fyrir því í lögum að ráðherra geti lagt til að sérstakur saksóknari verði sameinaður öðrum lögregluembættum.

„Ég held að það komi til umfjöllunar núna hvort það sé ekki einmitt hentugt að sameina þessi embætti, eða að minnsta kosti að þau starfi mjög nálægt hvort öðru, til þess að nýta þá sérþekkingu sem er fyrir hendi,“ segir Ragna en önnur hugmynd er uppi um að embættin starfi hlið við hlið í sama húsnæði.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari, segir mörg rök hníga að því að þetta verði gert. „Ég held að það sé æskilegt að það séu lagðir saman kraftar á þessu sviði.“

Skipa á þrjá sérstaka saksóknara við hlið þess sem nú er og setja á ríkissaksóknara yfir málaflokknum um bankahrunið, svipað og tíðkast þegar ríkissaksóknari lýsir sig vanhæfan í einstökum málum. Þetta kemur fram í nefndaráliti allsherjarnefndar síðan á fimmtudag. Tillaga dómsmálaráðherra var að setja sérstakan ríkissaksóknara yfir málaflokknum og stofna þar með nýtt embætti.

„Það var einfaldara að gera þetta svona en þetta er auðvitað bara útfærsluatriði,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður allsherjarnefndar. Hún segir að með þessu sé gengið að þeim tillögum sem Eva Joly lagði fram. Gerir hún ráð fyrir að mæla fyrir álitinu eftir helgi og þetta verði að lögum þá en allir nefndarmenn skrifuðu undir nefndarálitið.

„Því ber að fagna að fjölgað verður um þrjá saksóknara hjá embætti sérstaks saksóknara. Með því er verið að styrkja ákæruvaldið í landinu,“ segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari.

Ekki liggja enn fyrir áætlanir um fjárframlög til sérstaks saksóknara. „Áætlanir frá sérstökum saksóknara og samkvæmt tillögum Evu Joly eru nálægt 500 milljónum á ári,“ segir Ragna sem telur að auka þurfi fjárveitinguna frá því sem nú er. Til samanburðar má geta þess að embætti ríkissaksóknara er með um 126 milljónir.

vidirp@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is



**EVA JOLY OG RAGNA** Ef farið verður að kröfum Evu mun fjárveiting til sérstaks saksóknara verða um 500 milljónir, 75 prósent meira en til ríkissaksóknara.

### 100 MILLJÓNIR Í AÐ SKOÐA BÓKHALD

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gærmorgun að veita 100 milljóna króna aukaframlag til embættis sérstaks saksóknara.

Það var Eva Joly sem fór fram á það að viðbótarfjármagnið fengist. Fjármununum verður varið til að greiða fyrir aðstoð erlendra sérfræðinga sem ætla að rannsaka bókhaldsfærslur bankanna og gögn á bak við þær. Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra lýsir rannsókninni sem kortlagningu og viðamikilli bakgrunnsrannsókn.

„Þarna er verið að sýna í verki viljann til þess að styrkja embættið og standa fast að baki þessari rannsókn,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. - sh

Tveir karlar og kona frá Litháen ákærð fyrir að stofna lífi samlanda síns í hættu:

# Ákærð fyrir hrottalega árás

**DÓMSMÁL** Þrír Litháar, tveir karlmenn og ein kona, hafa verið ákærðir fyrir hrottalega líkamsárás gegn samlanda sínum í húsi við Grettisgötu í byrjun júní.

Einn maður, 43 ára að aldri, er ákærður fyrir að eiga stærstan þátt í árásinni. Honum er gefið að sök að hafa stofnað lífi fórnarlambsins í háska með því að berja það linnulítið frá kvöldi 3. júní og alla aðfaranótt 4. júní. Þolandinn missti meðvitund, hlaut stór glóðaraugu með miklum bólgum, áverka á tannholdi og tönnum, heilablæðingu, heilabjúg og að öllum líkindum höfuðkúpubrot.

Hin tvö, 25 maður og 26 ára kona, eru ákærð fyrir annars vegar að sparka einu sinni í fórnar-lambið og hins vegar að slá það einu sinni. Þá eru þau ákærð fyrir brot gegn lífi og líkama með því að láta fyrir farast að koma manninum til hjálpar alla nóttina. Þau hringdu ekki á sjúkrabíl fyrr en utanaðkomandi aðili sem sá fórnarlambið bað um það eftir hádegi á fimmtudeginum.

Þolandinn krefst tveggja milljóna króna í miskabætur frá þeim ákærðu. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Sá sem harðast gekk fram í árásinni er jafnframt ákærður fyrir að hafa stolið áfengisflösku á Eiðistorgi í desember. - sh



**GRETTISGATA 43** Ofbeldið átti sér stað í þessu húsi við Grettisgötu. FRÉTTABLAÐIÐ / ARNÞÓR



# **OKKAR** UNDIRSTÖÐUR

Það er eðlilegt að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja hafi um þessar mundir áhyggjur af fjárhagslegum styrk þeirra og afli til að standa við gefin loforð á næstu árum og áratugum. Persónutryggingar snúast fyrst og fremst um fjárhagslegt öryggi til langrar framtíðar. Þess vegna hvílir mikil ábyrgð á herðum þeirra sem fólk treystir fyrir líftryggingum sínum, slysa- og sjúkdómatryggingum sem og lífeyrissparnaði.

Á undanförnum dögum hafa margir viðskiptavina OKKAR haft samband og spurst fyrir um fjárhagslega stöðu félagsins. Við höfum með ánægju upplýst þá um afar trausta stöðu OKKAR enda hefur fjárfestingarstefna félagsins alla tíð verið varfærin. Eignir félagsins hafa um margra ára skeið nær eingöngu verið bundnar í ríkisskuldabréfum og á innlánsreikningum bankanna. Öruggari ráðstöfun þeirra fjármuna sem okkur er treyst fyrir er í raun óhugsandi. Hagnaður af reglulegri starfsemi hefur ávallt verið góður og arðsemi eigin fjár sömuleiðis. Gjaldþol félagsins er langt yfir þeim mörkum sem leyfi til starfseminnar miðast við og sama á við um eiginfjárhlutfall þess. Engin ástæða er til að óttast um afl OKKAR til langrar framtíðar þrátt fyrir það efnahagshrun sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir.

Persónutryggingar eru ein af mikilvægustu undirstöðunum í lífi fólks. Fjárhagslegur styrkur er mikilvægasta undirstaða þeirra sem veita slíkar tryggingar. OKKAR undirstöður eru þess vegna um leið hluti af fjárhagslegum undirstöðum þeirra tugþúsunda viðskiptavina sem félagið hefur þjónað á sviði vátrygginga og sparnaðar í meira en fjörutíu ár. Traust þess stóra hóps gerir okkur bæði þakklát og stolt.

Fyrir hönd eigenda og starfsfólks OKKAR líftrygginga hf.

Örn Gústafsson, forstjóri

OKKAR líftryggingar hf. • Sóltúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 540 1400 • Fax 540 1401 • www.okkar.is

okkar

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hversu margir þingmenn samþykktu að ganga til aðildarviðræðna við ESB?*
2. *Hvernig fór leikur íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu við það enska á fimmtudag?*
3. *Hver er talinn líklegur til að leikstýra áramótaskaupinu í ár?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 30

Sjálfsvígsárásir á tvö bandarísk glæsihótel á Indónesíu:

# Íslömsk öfgasamtök grunuð

**INDÓNESÍA, AP** Átta manns létu lífið og meira en fimmtíu særðust í tveimur sjálfsvígsárásum á bandarísk glæsihótel í Jakarta, höfuðborg Indónesíu. Sprengjurnar sprungu nærri samtímis í anddyri hótelanna Marriott og Ritz-Carlton.

Þar með lauk fjögurra ára hléi á árásum hryðjuverkamanna á Vesturlandabúa í Indónesíu. Meðal hinna særðu og látnu voru að minnsta kosti 18 Vesturlandabúar, þar af að minnsta kosti átta Bandaríkjamenn.

Grunur féll strax á samtökin Jemaah Islamiyah, sem hafa áður gert hryðjuverkaárásir í Indónesíu, þar á meðal árás á Marriott-hótelið í Jakarta árið 2003. Sú árás varð tólf manns að bana. Þessi samtök eru talin hafa tengsl við Al Kaída.

Bæði Barack Obama Bandaríkjaforseti og Hillary Clinton, utanríkisráðherra í stjórn hans, hafa fordæmt árásirnar. Clinton sagði þær vera áminningu um að enn stafi raunveruleg hætta af hryðjuverkum.

Árásarmennirnir höfðu dvalist í herbergi á átjándu hæð Marriott-hótelsins, þar sem þeir virðast hafa útbúið sprengjubúnaðinn áður en þeir héldu niður til að sprengja. **- gb**



**REYKJARMÖKKUR ÚR HÓTELINU** Fjögur ár eru síðan herskáir múslimar gerðu síðast sprengjuárás á Vesturlandabúa í Indónesíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stýrivaxtamarkmið næst að ári:

# Útsölur draga úr verðbólgu

**EFNAHAGSMÁL Í spá IFS greiningar segir að Seðlabanki Íslands muni ekki ná verðbólgumarkmiði sínu fyrr en á öðrum ársfjórðungi næsta árs. IFS greining gerir ráð fyrir að vísitalan muni hækka um 0,2 prósent í júlímánuði sem leiði til þess að 12 mánaða verðbólga sé nú 11,4 prósent.**

**Í frétt IFS greiningar um málið segir að útsölur í júlímánuði og lækkun húsnæðisverðs haldi aftur af hækkunum verðlags. Í spánni segir að undirliggjandi verðbólga sé 0,8 prósent nú en sambærileg hækkun var eitt prósent í síðasta mánuði. - bþa**

Þyrla send til að sækja mann:

# Ökklabrotnaði í Esjuhlíðum

**SLYS Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF LÍF, sótti mann upp í Esjuhlíðar í gærdag. Maðurinn hafði ökklabrotnað.**

**Björgunarsveitarmenn og sjúkraflutningamenn komu til mannsins í gærmorgun. Aðstæður á slysstað voru erfiðar og brattinn mikill og ekki hægt að flytja manninn niður á börum. Því var ákveðið að flytja hann með þyrlu á spítala. Líðan mannsins er eftir atvikum góð. - þeb**

Umsókn um aðild að ESB:

# Rödd skynseminnar sigraði

**STJÓRNMÁL** Andrés Pétursson, formaður Evrópusamtakanna, segir rödd skynseminnar hafa sigrað á Alþingi í fyrradag. „Þetta er mikilvægur áfangi sem er þegar búinn að senda mikilvæg skilaboð út á markaðinn sem ég held að muni hafa áhrif á greiðslukjör ríkisins og almennt viðskiptaumhverfi.“



**ANDRÉS PÉTURSSON**

Andrés er bjartsýnn á viðræðurnar. „Evrópusambandið er harður viðsemjandi en við eigum gott fólk til að semja við það og ég hef fulla trú á að við náum ásættanlegum samningi sem þjóðin mun bera gæfu til að samþykkja.“ **- sh**

**VESTFIRÐIR**

## Opinn dagur í Vatnsfirði

Almenningi gefst kostur á því í dag að skoða minjastaðinn í Vatnsfirði og njóta leiðsagnar fornleifafræðinga. Í Vatnsfirði eru miklar fornminjar og hefur farið þar fram uppgröftur frá árinu 2003.



**HEIMAKLETTSFÉ** Um þrjátíu kindur eru allt árið í Heimakletti. Útiganga fjár þar á sér aldagamla sögu.



**HEIMAKLETTSBÆNDUR** Már Jónsson, Sigurmundur Einarsson og Ágúst Halldórsson huga að fé sínu.



**SIGURMUNDUR EINARSSON** Gamla ullin skilin frá þeirri nýju.

# Bændur smala Heimaklett

**Fjárbændur í Vestmannaeyjum smöluðu í fyrrakvöld Heimaklett til að rýja kindur sínar og gefa þeim lyf. Kindur hafa gengið úti í Heimakletti um aldir. Bara þær heimsku sem hrapa segir Sigurmundur Einarsson.**

**LANDBÚNAÐUR** „Þetta er eldgömul hefð,“ segir Sigurmundur Einarsson, fjárbóndi með meiru í Vestmannaeyjum, sem ásamt öðrum fjáreigendum smalaði í fyrrakvöld útigöngufé í Heimakletti.

Að sögn Sigurmundar hefur fé gengið úti allt árið í Heimakletti í nokkur hundruð ár og sömu ættirnar hafa sinnt því kynslóð eftir kynslóð. „Féð er alltaf rúið í júlí. Þá hefur gamla ullin skilið sig frá nýju ullinni og er orðin laus. Áður en við sleppum rollunum aftur gefum við þeim ormalyf og sprautum lömbin,“ segir Sigurmundur. Ekki eru notaðar rafmagnsklippur við rúninguna heldur aðeins gamaldags áhöld.

Sigurmundur segir smölunina hafa gengið vel enda séu í hópnum menn sem þekki vel til í Heimakletti sem er 280 metra hár og alls ekki fyrir óvana að þvælast í.

„Þetta er yfirleitt fallegra fé heldur en það sem er á húsum,“ segir Sigurmundur um Heimaklettskindurnar. Hann kveður enga ástæðu til óttast að féð fari úr klettinum enda séu þar aðeins björg niður úr. Stundum hrapa þó kindur í Heimakletti.

„Jú, það fer alltaf eitthvað en eins og við segjum þá er það bara heimska féð sem dettur niður þannig að við erum með mjög viturt fé í Vestmannaeyjum,“ segir Sigurmundur Einarsson.

**gar@frettabladid.is**



**LANGT NIÐUR** Heimaklettur er hár og brattur og ekki fyrir óvana. MYNDIR/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON


TINDUR
dúnsvefnpoki
Verð: 28.800 kr.



Frábær svefnpoki með 90/10 gæsadúnfyllingu.
Þyngd 1350 g. Þægindamörk – 10°C.

GALLERY AIR 30+5
Vaude bakpoki
Verð: 21.500 kr.



Góður dagpoki með festingum fyrir göngustafi, gati fyrir vatnsslöngu, stillanlegu baki og góðri loftun um bak.

HOGAN ULTRALIGHT
Vaude göngutjald
Verð: 34.900 kr.



Létt (1,8 kg) tveggja manna göngutjald sem auðvelt er að tjalda um leið og það er stöðugt.
Fæst í Faxafeni.

66 NORÐUR

# Verslaðu ódýrt!

SPARAÐU

42% afsláttur

GRÍSA MÍNÚTUSTEIK
**985 kr/kg**
~~1.698~~ kr/kg

KJÖTSEL
GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR
**1.889 kr/kg**
~~2.698~~ kr/kg

30% afsláttur

BAYONNESKINKA ÚR BÓG
**779 kr/kg**
~~1.198~~ kr/kg

35% afsláttur

KJÖTSEL
GRILL LAMBAKÓTILETTUR
**1.959 kr/kg**
~~2.798~~ kr/kg

30% afsláttur

KJÚKLINGABRINGUR, 900g
**1.198 kr/pk.**

KJÚKLINGALUNDIR, 700g
**998 kr/pk.**

TEX-MEX KJÚKLINGAVÆNGIR
**269 kr/kg**
~~449~~ kr/kg

40% afsláttur

KJÖTSEL
GRILL HAMBORGARAR, 10x90g
**989 kr/pk.**
~~1.498~~ kr/pk.

30% afsláttur

ÓDÝRT

CALIFORNIU RÚSÍNUR
**298 kr/pk.**
~~339~~ kr/pk.

BÖKUNARKARTÖFLUR Í LAUSU
**79 kr/kg**
~~158~~ kr/kg

50% afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 16. - 19. JÚLÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto
SPARNAÐUR

**FRÉTTASKÝRING:** ÍSLAND SÆKIR UM AÐILD AÐ EVRÓPUSAMBANDINU

# Sannfæring vék fyrir samstöðu

**Samþykkt Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu skildi marga eftir í sárum. Allir flokkarnir klofnuðu nema Samfylkingin og ljóst er að margir þingmenn kusu af litilli sannfæringu í þessu máli. Ríkisstjórnin stóð málið af sér og stóðst fyrsta prófið. Menn hafa þó lítinn tíma til að slaka á, því handan við hornið bíður annað og ekki minna mál; Icesave.**



**TILFINNINGAMÁL** Þingmenn tóku niðurstöðu Alþingis misvel, enda klofnuðu allir flokkar nema Samfylkingin í málinu. Ljóst er að málinu er hvergi lokið í stjórnamálaflokkunum og tekist verður á um það eftir því sem viðræðunum vindur fram. Ríkisstjórnin stóðst fyrsta prófið en handan við hornið bíður Icesave-málið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samþykkt aðildarumsóknarinnar hefði ekki átt að koma neinum á óvart sem fylgst hefur með stjórnmálum. Flokkarnir samþykktu í stjórnarmyndunarviðræðum í vor að leggja málið fram og þrátt fyrir að skýrt hafi verið að þingmenn hafi ekki verið bundnir til að styðja málið, hefur málflutningur forystumanna Vinstri grænna bent til þess að þeir hafi heitið því stuðningi.

Fimm þingmenn flokksins greiddu atkvæði gegn tillögunni og einn sat hjá. Nokkur ólga er innan flokksins sjálfs vegna afgreiðslu þingflokksins og hefur þingmönnum verið brigslað um svik við stefnu flokksins. Á það má þó benda að kosningastefna flokksins gekk ekki út á tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu. Á flokksþingi hans var því hafnað sem stefnu hans og aðeins kveðið á um að aðild að ESB ætti að „útkljá með þjóðaratkvæðagreiðslu að undangenginni upplýstri og lýðræðislegri umræðu". Flokkurinn væri þó á móti aðild. Þessari afstöðu lýstu flestir þingmanna sem studdu tillöguna á fimmtudag.

Mikið hefur verið rætt um að þingmenn Vinstri grænna hafi verið beittir miklum þrýstingi. Óljóst er þó hverjir það voru og ekki sýnt að þeir átta þingmenn sem studdu málið hafi ætlað sér annað í aðdraganda þess.

### Varaformaður með

Sjálfstæðisflokkurinn greiddi að mestu atkvæði gegn tillögunni, þó Ragnheiður Ríkharðsdóttir hafi stutt hana. Athygli vakti að varaformaður flokksins, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sat hjá. Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við voru þó ekki endilega á því að það hefði veikt stöðu hennar mikið. Afstaða hennar hefði komið á óvart, en um mikið tilfinningamál væri að ræða sem ekki væri víst að drægi dilk á eftir sér.

Evrópumálið hefur lengi verið Sjálfstæðisflokknum vandamál. Skiptar skoðanir eru innan flokksins hvernig málið mun þróast áfram innan flokksins. Ljóst er að flokkurinn verður að taka afstöðu til þess samnings sem borinn verður undir þjóðina og það getur reynst honum erfitt. Hann mun þó eiga aðild að ráðslagshóp samninganefndarinnar og það gæti breytt afstöðu hans. Að sumu leyti er niðurstaðan léttir fyrir flokkinn, mál sem valdið hefur honum vandræðum er frá, í bili að minnsta kosti.

Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við telja að flokkurinn hafi gert ákveðin mistök. Þegar þrír þingmenn Borgarahreyfingarinnar gengu úr skaftinu á miðvikudaginn, hefði átt að knýja atkvæðagreiðslu strax í gegn. Í staðinn fékk stjórnin færi á að endurmeta stöðuna og vinna í þeim sem óvissir voru.

### Tvær fylkingar

Framsóknarflokkurinn er klofinn í herðar niður eftir atkvæðagreiðsluna. Þrír þingmenn, með varaformanninn í broddi fylkingar, studdu tillögu ríkisstjórnarinnar, en fimm fylgdu formanninum að málum.

Þetta vekur upp spurningar um stöðu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar. Hinum unga formanni virðist ekki hafa tekist að fylkja flokknum að baki sér. Varaformaðurinn, Birkir Jón Jónsson, hefur verið nefndur til sögunnar sem framtíðarleiðtogi og sumir hafa nefnt Guðmund Steingrímsson einnig. Hvort þetta sé til marks um að seta Sigmundar í formannsstóli verði ekki löng skal ósagt látið. Það hvernig flokkurinn tekur á niðurstöðu samninganna mun hins vegar ráða miklu um trúverðugleika hans. Flokksþing samþykkti ströng skilyrði fyrir stuðningi við aðild og frá þeim verður trauðla hlaupið.

Borgarahreyfingin skekst nú stafna á milli. Þrír þingmenn af fjórum greiddu atkvæði gegn frumvarpinu og hefur það vakið hörð viðbrögð frá forystu flokksins. Sá eini sem studdi frumvarpið, Þráinn Bertelsson, hefur lýst því yfir að vandstarfað verði í þingflokknum og Þór Saari baðst afsökunar á afstöðu sinni. Það hvernig flokkurinn höndlar þetta mál segir mikið til um hvort hann á einhverja framtíð fyrir sér.

### Leiðir VG viðræðurnar?

Aðildarumsóknin var erfið prófraun fyrir ríkisstjórnina og engum blöðum er um það að frétta að hún stóðst þá raun. Vissulega eru skiptar skoðanir innan annars flokksins, en menn sýndu hins vegar að þeir eru tilbúnir til að leggja ýmislegt á sig til að halda ríkisstjórninni saman. Ekki veitir af í næstu orrahríð sem er Icesave.

Eitt er þó að styðja aðildarumsókn, annað að taka afstöðu til aðildar. Vinstri græn hafa ekki breytt þeirri skoðun sinni að vera á móti Evrópusambandsaðild og ítrekuðu hana við atkvæðagreiðsluna. Málið er á forræði utanríkisráðherra, en utanríkismálanefnd verður mjög virk í viðræðunum. Henni stýrir Árni Þór Sigurðsson. Skipuð verður nefnd fimm fulltrúa, einum frá hverjum stjórnmálaflokki, sem verða samninganefndinni til ráðslags. Nefndin sjálf verður líklegast skipuð embættismönnum.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Össur Skarphéðinsson hafi, í stjórnarmyndunarviðræðum í vor, boðið Vinstri grænum að leiða samningagerðina við Evrópusambandið. Það er að mörgu leyti klókt; slíkt mundi binda hendur Vinstri grænna enn frekar þegar kemur að atkvæðagreiðslu. Á móti hefði flokkurinn betra færi á að setja sína fyrirvara í viðræðunum.

Þá vakti það nokkra athygli á þingi þegar Steingrímur J. Sigfússon sagði að ef ekki fengjust undanþágur og samningurinn væri ekki nógu góður, væri sjálfhætt í samningaviðræðum. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa bent á að það þýði í raun að þjóðin hafi ekki fyrsta val, heldur forysta Vinstri grænna. Líki henni samningurinn illa verði hann ekki borinn undir þjóðina.

### Ekki bindandi

Sjálfstæðisflokkurinn lagði til tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu; að fyrst yrði kosið um hvort ætti að fara í viðræður við Evrópusambandið og síðan um niðurstöðuna. Ljóst er að slík niðurstaða hefði hentað flokknum vel, þar sem málið er honum enn erfitt. Þetta hefði þýtt að þjóðaratkvæðagreiðslan hefði farið fram eftir næstu kosningar og flokkurinn getað beðið enn um sinn með uppgjör í Evrópumálum, sem án efa verður sársaukafullt.

Í staðinn skuldbundu flokkarnir sig til að líta á niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu sem bindandi. Það er hins vegar spurning hvaða vægi slík skuldbinding hefur. Formenn flokka geta ekki bundið hendur þingmanna og núverandi þing getur ekki bundið næsta þing til að lúta niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Og það er næsta þing sem endanlega mun staðfesta inngöngu í ESB; komi til þess.



FRÉTTASKÝRING

**KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ**
kolbeinn@frettabladid.is

## ALLT LAGT UNDIR MEÐ ICESAVE

Evrópuslagurinn er ekki fyrr að baki en næsta orrahríð hefst og hún gæti reynst stjórna,rflokkunum erfiður ljár í þúfu. Nokkuð hefur verið reynt að sætta ólík sjónarmið hvað varðar ríkisábyrgð Íslands, bæði innan stjórnar og á milli stjórnar og stjórnarandstöðu.

Það hve fáir þingmenn Sjálfstæðisflokksins greiddu Evrópusambandstillögunni atkvæði sitt hefur hins vegar gert stjórnarliðum ljóst að lítil von er á sáttum. Stjórnarandstaðan vilji einfaldlega fella stjórnina; líkt og er hennar eðlilega hlutverk.

Stjórnin verður því að reiða sig á þingmeirihluta sinn, en hún hefur 34 þingmenn af 63. Allir 20 þingmenn Samfylkingarinnar munu samþykkja tillöguna og því verða 12 af 14 þingmönnum Vinstri grænna að gera slíkt hið sama.

Þrír þingmenn hafa verið nefndir til sögunnar sem andstæðingar Icesave; Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Lilja Mósesdóttir og Ögmundur Jónasson. Lilja segist ekki vera búin að gera upp hug sinn endanlega. Verði settir nægilega góðir fyrirvarar við málið gæti hún hugsað sér að styðja það. Hin tvö hafa ekki tjáð sig frekar um málið.

### Fyrirvarar forsenda stuðnings

Frumvarp ríkisstjórnarinnar er nú í nefndum og þar er verið að vinna að því að setja einhvers konar fyrirvara við málið. Það sem helst hefur verið nefnt til sögunnar í því efni er virkara endurskoðunarákvæði. Það þykir óljóst í núverandi samningi hvort Íslendingar geti tekið samninginn upp og á því þurfi að skerpa.

Fleiri fyrirvarar hafa verið nefndir til sögunnar, meðal annars um friðhelgi íslenskra eigna og ákvæði um endurskoðun komi til þess að lægra hlutfall endurheimtist af eignum Landsbankans er gert er ráð fyrir í samningnum. Einnig verði að gera ráð fyrir að lagaumhverfið geti breyst og er þá horft sérstaklega til neyðarlaganna, en lögmæti þeirra hefur verið véfengt.

### Líkur á samþykkt

Ólíklegt er að frumvarpið verði samþykkt á þingi án fyrirvara. Með fyrirvörum sem hald er í fer það líklega í gegn. Það er svo önnur spurning hvað slíkir fyrirvarar þýða; hvort þeir hafi eitthvert gildi á endanum, eða hvort semja þurfi um þá.

Sú hugmynd hefur skotið upp kollinum að fresta frumvarpinu fram á haustið. Þannig kæmust menn úr skotgröfunum og gætu náð saman með stjórnarandstöðunni. Heimildir Fréttablaðsins herma að Sjálfstæðisflokkurinn muni ekki styðja málið án fyrirvara sem þýði nýja samninga við Breta.

Sú niðurstaða er ekki líkleg; menn munu annaðhvort samþykkja samninginn, með fyrirvörum sem ekki verða til umræðu, eða fella. Vinna nefndanna um fyrirvarana getur því á endanum skorið úr um hvort stjórnin lifir eða ekki. Það gætu því orðið örlög Vinstri grænna að koma Evrópuumsókn í gegnum þing en fella svo stjórnina.



Samtök iðnaðarins:

## Greina áhrif aðildar

**EFNAHAGSMÁL** Samtök Iðnaðarins hafa hafið ítarlega greiningu á áhrifum aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Þetta kemur fram í fréttabréfi samtaka Iðnaðarins, Íslenskur iðnaður.

Bjarni Már Gylfason hagfræðingur stýrir vinnu starfshóps samtakanna. Hann segir að vinna starfshópsins muni byggjast á því að bera saman mögulega þróun iðnaðar á Íslandi miðað við að standa utan eða innan Evrópusambandsins. Jafnframt segir að greiningin verði ítarlegri en áður hefur verið lagst í. Samtök Iðnaðarins hafa ætíð stutt aðild að Evrópusambandinu. -bþa

Harðorð ritstjórnargrein:

## Ekki stemning fyrir skynsemi

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það er lítil stemning fyrir skynseminni í íslensku samfélagi um þessar mundir,“ segir Borgar Þór Einarsson, ritstjóri Lögmannablaðsins í ritstjóragrein nýjasta heftisins. Greinin ber heitið „Engin stemning fyrir skynseminni“.


BORGAR ÞÓR EINARSSON

Í greininni áréttar Borgar mikilvægi réttarríkisins, réttlátrar málsmeðferðar og óvilhallra dómstóla. Segir hann þá einstaklinga fá hljómgrunn í samfélaginu sem bera á borð fordæmingu í forrétt, skyndilausnir og alhæfingar í aðalrétt og aftöku án dóms og laga í desert.

„Þeir sem eyðileggja veðsettu húsin sín eða hvetja fólk til lögbrota eru ekki hetjur. Þeir sem ekki virða grundvallarreglur réttarríkisins um réttláta málsmeðferð eru það ekki heldur,“ segir að lokum í greininni.

Vill Borgar meina að hetjur Íslands séu þeir sem taka upp hanskann fyrir skynsemina og andæfa stemningunni. - vsp

**MENNTAMÁL**

### Ágúst áfram rektor

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur skipað Ágúst Sigurðsson í embætti rektors Landbúnaðarháskóla Íslands til næstu fimm ára. Ágúst hefur gegnt starfinu undanfarin fimm ár og var annar tveggja sem sóttu um embættið.

**ÍSAFJÖRÐUR**

### Reistu níðstöng

Þriggja metra hárri níðstöng hefur verið komið fyrir við veginn á Ströndum skammt frá Kaldrananesi. Stöngin er reist til höfuðs útrásarvíkingum og á hana er búið að letra ýmis konar níð. Samkvæmt bb.is var stöngin reist af hjónum sem hafa lent í hremmingum vegna efnahagsástandsins.





33 MILLJÓNIR Í EINU HÖGGI

Lottópotturinn er fimmfaldur og stefnir beinustu leið í **33 milljónir**.
Leyfðu þér smá Lottó!

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

AUKAKRÓNUR

410 4000 | landsbankinn.is



AUKAKRÓNUR

2 gallabuxur á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér nýjar Diesel gallabuxur að vori og hausti hjá fjölmörgum verslunum **NTC** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda verslun á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. Sjá nánar á www.aukakronur.is.

**A-kortin**
Kreditkort sem safna Aukakrónum fyrir þig

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.
ENNEMM / SÍA / NM38422

# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Íslenska þjóðin kallar eftir leiðtoga.

## Ný hugsun í forystu

**HALLA TÓMASDÓTTIR SKRIFAR**

Efnahagskrísan er birtingarmynd annars mun alvarlegri vanda, skorts á öflugum leiðtogum með heilbrigt gildismat og framtíðarsýn.

Stjórnir og stjórnendur fyrirtækja hafa of lengi einblínt á skammtímagróða að því er virðist oft á kostnað skynsemi og siðferðis. Stjórnmálamenn horfa því miður oftast til skamms tíma og einblína á næsta prófkjör eða kosningar og virðast á köflum huga meira að eigin hag og flokksins, en að hag þjóðarinnar. Embættismenn og stofnanir hafa horft í gegnum fingur sér á óæskilega og hugsanlega ólöglega hegðun aðila sem þó áttu lögum samkvæmt að sæta opinberu eftirliti og viðurlögum við brotum. Allt gerðist þetta með aðstoð sérfræðinganna, endurskoðenda og lögfræðinga sem ýmist hönnuðu eða blessuðu hvern gjörning.

En nú eru nýir tímar og íslenska þjóðin kallar eftir forystu, framtíðarsýn og heilbrigðum gildum. Níu mánuðum eftir algjört hrun íslensks efnahagslífs, þá bólar ekki á þeirri forystu á vettvangi stjórnmálanna og greina má bresti í samfélagssáttmálanum sem gætu hæglega ágerst. Viðskiptalífið er verulega laskað og þeir sem enn standa eru ýmist önnum kafnir í bráðaaðgerðum eða enn við sama heygarðshornið að skara eld að eigin köku. Sérfræðingarnir hafa margir hverjir tekið sæti í skilanefndum og eru ekki líklegir til forystu í þágu samfélagsins, enda tímakaupið ekki eins gott.

Íslenska þjóðin kallar eftir leiðtoga, okkar eigin Obama, sem gefur þjóðinni von og leiðir hana úr krísunni. Slíkur leiðtogi virðist ekki vera í augsýn. En svarið er heldur ekki að finna í einhverri einni manneskju sem drýgir hetjudáð, svarið er að finna hjá þjóðinni sjálfri og nýrri hugsun í forystu. Við hljótum að vera sammála um að læra af mistökum fortíðar og leita leiða til að sameinast um framtíð og gildismat sem hugnast okkur öllum, færir okkur von og gefur okkur kraft til að framkvæma á ný. Við verðum að sameina kraftinn sem nú er að finna víða í grasrótinni og skapa farveg fyrir samstillt átak þjóðarinnar, átak sem skilar heilbrigðu og áhugaverðu samfélagi til framtíðar.

Við stöndum frammi fyrir krefjandi verkefnum og sú nálgun og það hugarfar sem skóp vandann er ekki líklegt til að leysa hann. Við þurfum nýja nálgun. Við verðum að hætta að velta því fyrir okkur HVER hefur rétt fyrir sér og spyrja frekar HVAÐ er rétt fyrir þjóðina.

Það eru hugrakkir einstaklingar eins og Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Siv Friðleifsdóttir sem vekja von um að þrátt fyrir allt sé til fólk sem setur þjóðarhag ofar þröngu flokksræði. Þær fylgdu sinni sannfæringu í atkvæðagreiðslunni um aðildarviðræður þrátt fyrir að aðrir létu undan þrýstingi og greiddu atkvæði sér þvert um geð.

Við þurfum ekki einn leiðtoga sem drýgir hetjudáð, við þurfum marga leiðtoga sem starfa af einlægni þvert á flokkadrætti og sýna umheiminum hvers lítil þjóð er megnug þegar hún stillir saman strengi.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871







## SPOTTIÐ




**AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR**

## Nýtt skref á gömlum grunni



**ÞORSTEINN PÁLSSON**

Umræðurnar um Evrópusambandsaðildina voru merkilegar fyrir þá sök að lítið fór fyrir efnislegum röksemdafærslum með og á móti aðild. Þær snerust mest um hverjir ættu að taka ákvörðunina, hvenær og með hvaða hætti. Allt nauðsynleg og gild umræðuefni. Kjarna málsins hefði þó mátt gefa meiri gaum.

Allt um það er ánægjulegt að nú liggur fyrir að látið verður reyna á hvort viðræður um aðildarumsókina leiða til þeirrar niðurstöðu sem meirihluti þjóðarinnar getur fallist á. Með þessari ákvörðun er stigið skref sem líta verður á sem rökrétt framhald af þeirri hugmyndafræði sem lá að baki aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu á sínum tíma.

Bandalagið er hins vegar ekki lengur sá burðarás í samstarfi Evrópuþjóðanna sem það var áður. Utanríkispólitísk kjölfesta Íslands hefur veikst að sama skapi. Evrópusambandið er þar af leiðandi eðlilegur og nauðsynlegur vettvangur fyrir Íslendinga til þess tryggja sömu hagsmuni og verja sömu hugsjónir og lengst af hafa ráðið utanríkisstefnunni. Hrun gjaldmiðilsins gerir það svo að verkum að brýnna er en nokkru sinni fyrr að hraða því svo sem nokkur kostur er að launafólk og atvinnufyrirtæki fái samkeppnishæfan gjaldmiðil til að vinna með. Evran er eini raunhæfi kosturinn í því efni.

Staðreynd er að sjávarútvegur og landbúnaður geta ekki vegna náttúrulegra takmarkana staðið undir auknum hagvexti. Önnur atvinnustarfsemi mun ekki gera það heldur nema hún njóti sömu samkeppnisskilyrða og sama stöðugleika og helstu viðskiptaþjóðirnar. Um þetta snýst hagsmunamatið.

## Setja mátti gaffal á Samfylkinguna

Stjórnarandstöðuflokkarnir greiddu að uppistöðu til atkvæði á móti umsókninni. Í málflutningi forystumanna þeirra kom þó fram að þeir væru ekki andstæðir aðildarviðræðum. Í því ljósi má ætla að stuðningur við framgang aðildarviðræðna geti í raun verið víðtækari en atkvæðagreiðslan ein og sér gefur til kynna.

Á sínum tíma var samstaða þriggja flokka um kjarna utanríkisstefnunnar. Styrkur hennar fólst í þeirri samstöðu. Fyrir þær sakir er gagnrýni stjórnarandstöðuflokkanna á margan hátt skiljanleg. Það er ámælisvert í svo stóru máli að forsætisráðherra skuli ekki hafa gengið lengra til þess að brúa bilið í málinu.

Kröfur stjórnarandstöðunnar um úrslitavald þjóðarinnar að lokinni umfjöllun og ákvörðun Alþingis um væntanlegan samning voru bæði eðlilegar og réttmætar. Komi væntanlegur samningur fyrst til kasta Alþingis mun það kosta stjórnarslit á þeim tímapunkti með því að VG getur ekki lagt samning sem það er á móti fyrir þingið.

Eina haldbæra skýringin á því að Samfylkingin sýnist hafa keypt stuðning við aðildarviðræður með loforði um að leiða málið fram hjá Alþingi þegar samningurinn liggur fyrir felst í þessum úrslitakostum VG, andstæðinga málsins.

Stjórnarandstaðan hefði hins vegar getað sett gaffal á Samfylkinguna með stuðningi við aðildarviðræður gegn loforði um að væntanlegur samningur yrði lagður fyrir þjóðina til úrslitaákvörðunar eftir umfjöllun Alþingis. Þá hefði Samfylkingin þurft að velja milli tveggja kosta: Breiðfylkingar um málið eða hálfan stuðning flokks sem ætlar síðan að vinna gegn aðildarsamningnum þegar þar að kemur.

Stjórnarandstaðan kaus að leiða Samfylkinguna ekki í þessa erfiðu klípu. Hvers vegna?

Ánægjulegt var að sjá tvo þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Ragnheiði Ríkharðsdóttur og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, halda fast á þeim hugsjónakyndli í utanríkismálum sem gengnir forystumenn flokksins höfðu framsýni til að tendra með því að hafa forystu um að skipa Íslandi í sveit lýðræðisþjóðanna í Evrópu.

## Framhaldið kallar á samstöðu

Í flestum þjóðþingum, ekki síst á Norðurlöndum, keppast menn við að ná breiðri samstöðu um grundvöll utanríkisstefnunnar. Þannig var það einnig hér.

Af málflutningi margra talsmanna VG má ráða að þeir líta svo á að með atkvæðagreiðslu á Alþingi á fimmtudag hafi þeim tekist að koma þessu máli aftur fyrir sig. Það er ekki svo. Nú tekur þetta mál fyrst við í fullri alvöru. Þegar viðræður hefjast, væntanlega í byrjun næsta árs, mun reyna daglega á ríkisstjórnina í ákvörðunum um framgang málsins.

Um leið og mikilvægu skrefi er fagnað er ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur af framhaldinu. Hjá því getur ekki farið að andstaða annars stjórnarflokksins við aðild hlýtur að valda margvíslegum erfiðleikum á þeirri för sem nú er hafin. Hætt er við að þau fótakefli verði að stærri pólitískum viðburðum en efni standa til vegna þess að þeir munu öðrum þræði snúast um líf ríkisstjórnarinnar.

Utanríkisráðherra er því vandi á höndum. Umsókn dugar skammt ef ekki ríkir gagnkvæmt traust á málsmeðferðinni sem líklegt er til að leiða til ásættanlegrar niðurstöðu. Vegvísirinn sem utanríkisnefnd undir farsælli stjórn Árna Þórs Sigurðssonar tók upp eftir tillögu stjórnarandstöðunnar er mikilvæg umgjörð um þann feril.

Þetta mál er hins vegar af þeirri stærðargráðu að á einhverju stigi kann að vera nauðsynlegt að breikka samstöðuna með þjóðstjórn. Ríkisstjórnin var mynduð til að herða á hugmyndafræðilegum ágreiningi. Aðstæður kalla hins vegar á hugmyndafræðilega sáttaviðleitni. Framganga þessa máls mun þegar á líður kalla enn frekar á viðleitni í þá átt. Spurningin er: Tekur einhver forystu þar um?


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
PARTÝ VÆNGIR
50% AFSLÁTTUR
HOLTA ELDAÐIR BUFFALÓ-KJÚKLINGAVÆNGIR
MERKT VERÐ 690 KR./KG 50% AFSLÁTTUR 345 kr./kg.
Holta
Bringur
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG 40% AFSLÁTTUR . 1679 kr./kg.
Ali
KJÚKLINGUR
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.
FERSKUR HEILL ALI KJÚKLINGUR
40% AFSLÁTTUR
FERSKUR HEILL ALI KJÚLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 599 kr./kg.
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI 1078 kr./kg.
K.S LAMBALÆRI OG LAMBAHRYGGUR
FRYSTIVARA 1359 kr./kg.
PEPSI
PEPSI MAX
Egils APPELSÍN
69
69 kr. 1/2 ltr.
898
BÓNUS KRYDDLEGNAR GRÍSALÆRISSNEIÐAR 898 kr./kg.
ÍSLANDS NAUT
1598
ÍSLANDSNAUT GRILL NAUTAKÓTILETTUR
MERKT VERÐ 1998KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.
89
89 kr. 1/2 ltr.
Ali Grísakjöt
GRÍSASNITSEL
898
ALI GRÍSASNITSEL 898 kr./kg.
GRÍSAGÚLLAS
898
ALI GRÍSAGÚLLAS 898 kr./kg.
ENGANGS-GRILL
259
EIN-NOTA GRILL 259 kr.
TILBOÐ
398
TILBOÐSBORGARAR
4 stk m/brauð 398 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00



**ORÐSPOR ÍSLANDS ÓLASKAÐ** Jón Ólafsson segir orðspor Íslands ekki hafa beðið hnekki, þó að orðspor íslenska fjármálageirans sé verulega laskað. Landið hafi fengið gríðarlega auglýsingu, þó með neikvæðum formerkjum sé, og heimurinn allur viti nú af þessari litlu eyju í norðurhöfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Þingmenn verða að fella Icesave

Eftir að hafa eldað grátt silfur við Davíð Oddsson árum saman er **Jón Ólafsson** athafnamaður kominn í þá sérkennilegu stöðu að vera sammála sínum forna fjandmanni í máli sem skekur íslensku þjóðina. Hann sagði *Brjáni Jónassyni* hvers vegna þingmenn ættu að fella Icesave-samninginn, og hvers vegna hann telur þjóðstjórn einu fýsilegu leiðina til að byggja upp eftir hrunið.

Það sem olli fjármálahruninu á Íslandi var ekkert annað en óstjórnleg græðgi í sambland við algera blindni," segir Jón Ólafsson athafnamaður. Hann tapaði litlu sem engu í hruninu hérlendis, enda fluttur af landi brott árið 1998 og búinn að selja Norðurljós og aðrar eignir hér á landi árið 2003.

„Það eina sem ég átti voru einhverjir peningar í stofnbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Ég átti engin hlutabréf á Íslandi. Ég hugsaði stundum, hvað er að mér, af hverju tek ég ekki þátt í þessu mikla ævintýri. Þegar upp er staðið sé ég hversu lánsamur ég var að láta það eiga sig," segir Jón.

„Það hlýtur að vera gífurlega erfitt að vera útlagi í sínu eigin landi. Það eru mikil lífsgæði að geta gengið um í miðbæ Reykjavíkur og annars staðar á Íslandi og mætt jákvæðu og elskulegu viðhorfi. Það er eitthvað sem útrásarvíkingarnir eiga erfiðara með," segir Jón.

Grunnurinn að hruninu var lagður með sölu Landsbankans og Búnaðarbankans, sem Jón kallar einkavinavæðingu Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra. Ekki verði betur séð en að helmingaskiptareglan hafi verið allsráðandi, og að ákveðið hafi verið fyrirfram að þeir sem fengju að kaupa bankana gætu gert það með lánsfé hvor frá öðrum.

„Þarna byrjar ævintýrið, þessi ótrúlega vitleysa. Ég heyrði reglulega í fólki úr viðskiptalífinu í Bretlandi á útrásarárunum, sem spurði mig hvernig stæði á því að Íslendingar væru að kaupa allt á Englandi. Ég sagði þeim að þetta væru bara duglegir strákar sem vildu gera góða hluti. „En þetta er allt rusl sem þeir eru að kaupa," sagði þetta fólk við mig. „Þeir eru að kaupa allt sem við hinir viljum ekki." Ég hélt þá að þetta væri ekki alveg svona, en það má spyrja sig í dag hvort það hafi verið eitthvað til í þessu. Auðvitað tengdist þetta líka viðskiptamódelinu, en þeir voru að kaupa allt of mikið af félögum sem voru ekki í lagi," segir Jón.

„Fyrir utan einkavinavæðinguna var það eftirlitshlutverk ríkisstjórnarinnar og eftirlitsstofnana sem helst klikkaði. Það virðast allir hafa sofið á verðinum. Það er skrítið þegar maður horfir á stöðuna, að það er eins og Davíð Oddsson hafi verið búinn að missa tiltrú allra sem skiptu máli eftir að hann fór yfir í Seðlabankann. Hann segist alltaf hafa verið að vara menn við, en það hlustaði enginn á hann. Ekki einu sinni hans eigin flokksmenn."

### Sammála Davíð um dómstólaleið

Þjóðin vann verðskuldaðan sigur þegar hún felldi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar með búsáhaldabyltingunni, segir Jón. Ekki hafi verið annað í stöðunni en að kjósa Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingrím J. Sigfússon til að leiða nýja ríkisstjórn. Þau séu bæði gegnheil og skuldi engum neitt. Nú sé hins vegar komið að þáttaskilum sem geti valdið því að ríkisstjórnin þurfi að fara frá. Þau þáttaskil séu vegna Icesave-samningsins.

„Í gegnum tíðina var það stefnan að láta alltaf mál þar sem krafist er fébóta af ríkinu fara fyrir dóm, það var aldrei samið. Þótt um væri að ræða réttlætismál var formið alltaf það sama, að fara með málið fyrir dómstóla og fá þeirra úrskurð um hvað bæri að greiða hverjum. Þá leið ætti að fara í Icesave-málinu, enda er samningurinn að mínu mati ákaflega óheppilegt og óvandað plagg."

Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri, sagði í þættinum Málefninu á Skjá einum í vikunni að hann teldi rétt að Alþingi felldi Icesave-samninginn. Þá gætu breska og hollenska ríkið einfaldlega sótt sinn rétt fyrir dómstólum hér á landi. Jón viðurkennir að með orðum sínum sé hann búinn að skipa sér í lið með Davíð, manninum sem hann eldaði grátt silfur við árum saman.

„Eins merkilegt og það er þá er ég algerlega sammála Davíð. Það á að dæma í þessu máli. Ég hvet alþingismenn til þess að fella Icesave-samninginn. Það getur aðeins haft það í för með sér að það verði annaðhvort samið betur eða að það verði farin þessi dómstólaleið."

### Þurfa að mynda vinnustjórn

Það er umhugsunarefni nú þegar þjóðin stendur á slíkum tímamótum hvort það sé rétt að láta örfáa einstaklinga bera ábyrgð á uppbyggingunni sem þarf að eiga sér stað, að mati Jóns.

„Ef Alþingi gerir það sem þarf að gera og fellir Icesave-samninginn er það eina rétta í stöðunni að ríkisstjórnin víki og skipuð verði þjóðstjórn. Það þurfa allir að standa saman að því að rétta landið við. Það á ekki að vera á ábyrgð þeirra tveggja einstaklinga sem eru að gera sitt besta til þess núna. Þetta er stærra mál en svo."

Jón óttast ekki að slík þjóðstjórn verði ávísun á aðgerðalitla stjórn, og ákvarðanir einkennist frekar af pólitískum málamiðlunum en röggsemi. Pólitíkin verði einfaldlega að víkja. Stjórnmálamenn verði að mynda vinnuþjóðstjórn til að leggja grunninn að framtíðinni.

„Þjóðstjórnin þarf ekki að stýra landinu í langan tíma, en þetta er nauðsynlegt til þess að allt pólitíska litrófið beri á því ábyrgð að koma okkur úr því ástandi sem við erum í núna, og inn í bjartari framtíð. Þarna er ég ekki að gera lítið úr þeirri ríkisstjórn sem nú situr, ég tel verkefnið einfaldlega

## NEITAÐI AÐ RÁÐA SJÓNVARPSSTJÓRA SJÁLFSTÆÐISMANNA

Jón Ólafsson hefur verið kenndur við ýmis fyrirtæki í gegnum tíðina, til dæmis Norðurljós og Skífuna, enda komið víða við í íslensku viðskiptalífi síðustu áratugina.

Undanfarið hefur Jón beint kröftum sínum að því að selja íslenskt vatn undir merkjum Icelandic Glacial í gegnum fyrirtækið Icelandic Water Holding, þar sem hann er stjórnarformaður.

Jón, sem er 54 ára gamall, er líklega þekktastur fyrir að byggja upp Skífuna, sem sameinaðist Íslenska útvarpsfélaginu og Sýn sumarið 1999 í fjölmiðlarisanum Norðurljósum.

Skífan varð til upp úr lítilli plötubúð í Hafnarfirði sem Jón keypti skömmu eftir tvítugt. Í framhaldinu lét hann til sín taka í plötuútgáfu og stóð fyrir tónleikahaldi. Upp úr þeirri samsuðu spratt Skífan.

Jón hefur komið að fjölmörgum öðrum fyrirtækjum, átti til dæmis stóran hlut í Íslenskum aðalverktökum, og var í svokölluðum Orca-hópi, sem átti ráðandi hlut í Fjárfestingabanka atvinnulífsins, sem síðar rann inn í Íslandsbanka.

Jón hefur sjálfur upplýst að hann hafi komist í ónáð hjá Sjálfstæðisflokknum árið 1990 þegar hann hafi neitað að ráða sjónvarpsstjóra sem hafi verið forystumönnum flokksins þóknanlegur. Síðan hefur hann með hléum átt í útistöðum við hóp sem var í innsta kjarna Sjálfstæðisflokksins um tíma, innan jafnt sem utan dómsalanna.

svo stórt og mikið að það er heppilegra að koma þessu fyrir með þessum hætti,“ segir Jón.

Spurður hver ætti að stýra slíkri vinnustjórn segir hann það samkomulagsatriði fyrir stjórnmálamennina. Í ljósi úrslita alþingiskosninga teljist líklega eðlilegt að Samfylkingin leiði slíka stjórn, en það sé ekki sitt að velja menn í embætti.

„Almenningur hefur sjaldan staðið jafn vel saman og núna. Það er meðbyr sem við eigum að nota. Þessi þjóð er ótrúlega dugleg, svo kraftmikil og klár. Hún sást ekki fyrir í þessu nýjasta ævintýri, en það er engin spurning að ef samstaða næst um þjóðstjórn þá munu allir snúa bökum saman.“

Jón er heitur Evrópusinni og fagnar því að ákveðið hafi verið að sækja um aðild að Evrópusambandinu á Alþingi á fimmtudag. Hann segist enn þeirrar skoðunar að það hafi verið mistök að ganga ekki alla leið fyrir fimmtán árum og semja um aðild að Evrópusambandinu frekar en að undirrita samning um Evrópska efnahagssvæðið.

Helstu verkefni þjóðstjórnar væru að koma Íslandi út úr Icesave-samningnum, endurreisa bankana og gefa í svo neysla aukist og kapítalíska kerfið stöðvist ekki. Enn er von á mun fleiri uppsögnum og gjaldþrotahrinan er rétt að byrja, segir Jón. Botninum verði líklega ekki náð fyrr en í lok árs 2009. Eitt af brýnustu verkefnunum segir Jón þó vera að taka á fasteignavandanum.

**Þarf að afskrifa fasteignaskuldir**

„Það er ótrúlegur fjöldi fólks sem er komið í þá ömurlegu stöðu að það á ekki krónu í húsnæðinu sínu, og skuldar jafnvel meira en andvirði eignarinnar. Það þarf að fara í afskriftir, það er svo einfalt. Á þessu byrjuðu Bandaríkjamenn í upphafi kreppunnar, en þessi húsnæðisvandi er síðastur í röðinni hér.“

Talsvert hefur verið rætt um afskriftir, og hefur Framsóknarflokkurinn til að mynda barist fyrir því að 20 prósent skulda heimila og fyrirtækja verði afskrifaðar. Jón segir aðferðina eða endanlega krónutölu afskrifta ekki stærsta málið til að byrja með. En afskriftirnar muni fara fram.

„Það má skoða dæmið út frá manni sem á fasteign, og skuldar 100 prósent í henni. Á bankinn að taka fasteignina af þessum manni, og selja hana einhverjum öðrum með talsverðum afföllum, og láta upphaflegan eiganda fara á hausinn? Eða á að fella niður hluta af skuldunum strax svo eigandinn geti haldið áfram að borga og búa í fasteigninni? Það þarf alltaf að afskrifa hluta af skuldinni, spurningin er bara hver nýtur þess, eigandinn eða einhver sem vill kaupa fasteignina.“

**Orðspor Íslands ekki beðið hnekki**

Eftir hrun fjármálakerfisins er Ísland á allra vörum, í það minnsta í hinum vestræna heimi. Jón hefur verið óþreytandi að koma íslenska vatninu á markað erlendis í gegnum fyrirtækið Icelandic Water Holding. Hann segir orðspor landsins langt frá því að vera jafn skaddað og ýmsir telji.

„Ég held að það sé hægt að fullyrða að orðspor Íslands hafi ekki beðið hnekki. Við höfum hins vegar fengið gríðarlega auglýsingu, þó hún sé með neikvæðum formerkjum. Það þýðir samt að sama hvar ég kem í heiminum vita menn allt um Ísland, sem var ekki áður. Ímynd Íslands hefur ekki breyst, Ísland er ennþá „svalt“ í augum fólks, og það vorkennir okkur vegna hrunsins. Hins vegar hefur orðspor íslenska viðskiptalífsins laskast verulega, og aðallega fjármálageirans.“

Jón segir það altalað í Bretlandi að bresk stjórnvöld hafi farið mjög illa með þessa litlu eyju norður í höfum. Þar geri menn sér grein fyrir því að eftirlitsstofnanir þar hafi klikkað, ekki síður en hér. Það sé engin afsökun fyrir eftirlitsstofnanir í Bretlandi að íslenska Fjármálaeftirlitið hafi klikkað.

**Hefur enn taugar til Skífunnar**

Jón var ásamt umboðsfyrirtækinu William Morris einn þeirra sem sóttust eftir því að kaupa Senu þegar fyrirtækið var selt síðla vetrar. Það kom kannski ekki mikið á óvart því Jón byggði upp kjarnann í fyrirtækinu, og var löngum kenndur við Skífuna, sem nú er hluti af Senu.

Jón varð fyrir gífurlegum vonbrigðum með hvernig haldið var utan um söluna. Leikreglurnar hafi ekki verið sanngjarnar. Í framhaldinu hafi komið til greina að hann myndi á ný hasla sér völl í afþreyingarbransanum hér á landi með stofnun nýs fyrirtækis.

„Ég reikna samt ekki með að af því verði. Ég segi kannski ekki að mér þætti það ósiðlegt, en ég byggði þetta fyrirtæki upp á sínum tíma og vil ekki fara að vinna gegn því núna,“ segir Jón.

„Þetta er kannski ekki sama fyrirtækið og það var, en mér er samt ekki sama um það.e

## Stefnir íslenska og breska ríkinu

Ef frásagnir af vatnsútflutningi Jóns eru undanskildar hefur hann hvað oftast komist í fréttirnar hér á landi á undanförnum árum vegna dómsmála sem hann hefur staðið í.

Frægt er orðið hvernig hann fór í mál við Hannes Hólmstein Gissurarson fyrir ummæli sem féllu á vef Hannesar. Þrátt fyrir að dómur hafi fallið Jóni í hag ytra er niðurstaða þess máls sú að Jón getur ekki gengið að Hannesi þar sem Hannesi var ekki birt stefna með réttum hætti af breskum stjórnvöldum. Jón hefur því hafið málaferli gegn breskum stjórnvöldum þar sem hann krefst milljónatuga vegna mistakanna.

Jón hyggst einnig stefna íslenska ríkinu eftir að skattamáli á hendur honum var vísað frá dómi nýverið. Hann segir að það kæmi sér ekki á óvart ef það mál væri allt runnið undan rifjum Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra.

„Það virðist vera eins og Davíð hafi ákveðið að hjóla í mig og Jón Ásgeir [Jóhannesson]. Hvað mig varðar held ég að hann hafi gert það vegna þess að hann hafi fundið að ég átti gott samstarf við aðra en Sjálfstæðisflokkinn. Eina leiðin sem hann gat fundið til að loka á þau tengsl var að gera mig að glæpamanni, skattsvikara. Þá vildi enginn koma nálægt mér.“

Í máli sínu gegn íslenska ríkinu mun Jón krefjast þess að staðfest verði að lögheimili hans hafi verið fært til Bretlands árið 1998, og hann því skattskyldur þar í landi frá þeim tíma. Skattamálið á hendur Jóni snerist um lögheimilið, og hvenær það var flutt frá Íslandi.

Jón segir að þegar allt hafi verið talið til hafi upphæðin sem ágreiningurinn snérist um komist í 361 milljón króna. Þetta kallaði Davíð Oddsson „langmesta skattsvikamál sem upp hefur komið í sögu þjóðfélagsins“ í viðtali við Morgunblaðið.

„Enda fór ég í meiðyrðamál við hann og vann það mál,“ segir Jón.

„Það var afskaplega einkennilega að þessu máli staðið. Málið snerist um tæknilegt atriði sem ég fór yfir með endurskoðendum mínum. Þegar yfirvöld eru ekki sammála tæknilegum útfærslum skrifa þau yfirleitt kurteislega orðuð bréf, þau fara ekki með tugi manna í húsleit, og gæta þess að láta Morgunblaðið og Ríkissjónvarpið vita svo fjölmiðlamenn verði örugglega á staðnum þegar húsleitin hefst. Það eru ekki venjuleg vinnubrögð. Það mál má skýra á einfaldan hátt með einni setningu: Ég varð fyrir mannorðsmorði.“








# Múreinangrunarkerfi




**SERPO 261** Múreinangrunarkerfið hefur farið sigurför um Norðurlönd og hefur verið notað á Íslandi síðan 2003.
**Serpo 261** kerfið samanstendur af plasteinangrun eða steinull, með u.þ.b. 8-10 mm þykku lagi af **Serpo 261** trefjamúr sem styrktur er með glertrefjaneti.

**Serpo 261** múreinangrunarkerfið er einstaklega hagkvæmt, öruggt og auðvelt í uppsetningu.

Líttu við hjá okkur og kynntu þér fullþróað múreingrunarkerfi sem virkar og hefur sannað sig á Íslandi.

*Hönnuðir, leitið nánari upplýsinga*

maxit weber
SERPO 261

EOTA SAMÞYKKT
SITAC Prófað af SITAC

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**Reykjavík, Kletthals 7**
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16

**Suðurnes, Fuglavík 18**
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

**Akureyri, Furuvellir 15**
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

# Finnst ljómandi að búa ein

**Margrét Hannesdóttir** varð 105 ára á miðvikudaginn en hún er næstelsti núlifandi Íslendingurinn. Hún tók á móti *Mörtu Maríu Friðriksdóttur* á heimili sínu á Langholtsveginum í vikunni þar sem hún hefur búið í tæp sjötíu ár. Nú býr Margrét þar ein en á fjölskyldu og vini sem heimsækja hana daglega. Hún ræðir um árin hundrað og fimm, breytingar, fjölskylduna og ferðalög.

Mér finnst ég breytast alveg óskaplega lítið," segir Margrét Hannesdóttir hlæjandi en hún er næstelsti núlifandi Íslendingurinn og varð 105 ára síðastliðinn miðvikudag. „Ég veit að árin færast yfir mann eins og alla aðra en mér finnst ég alltaf vera í sömu sporunum."

Margrét fæddist og ólst upp að Núpsstað í Vestur-Skaftafellssýslu. Hún flutti til Reykjavíkur 27 ára en á Núpsstað býr enn Filippus bróðir hennar sem verður hundrað ára á árinu. Margrét er elst tíu systkina en fimm eru látin. „Ég var 21 árs þegar ég fór fyrst til Reykjavíkur og var vetur á saumaverkstæði," útskýrir Margrét sem bjó þó áfram á Núpsstað. „Það var svo margt heima að einhver varð að fara að heiman, það var ekkert að gera fyrir allt fólkið," segir Margrét en þegar hún fór að heiman bjuggu öll tíu systkinin að Núpsstað.

### Hringbrautin ysta gatan

Margréti fannst mikil viðbrigði að koma til Reykjavíkur en segist hafa vanist því eins og hverju öðru. Margrét segir að á þeim tíma hafi Hringbrautin verið ysta gatan í bænum og fyrir utan hana hagar og mýrar þar sem skepnum var beitt. Þegar Margrét er spurð út í það hvernig Reykjavík hafi verið á þessum árum segir hún: „Æi, það var afskaplega mikil fátækt í Reykjavík eins og annars staðar. Allir börðust í bökkum, verkföll voru tíð og menn höfðu lítið að gera."

Fljótlega eftir að Margrét kemur til Reykjavíkur kynnist hún eiginmanni sínum, Samúel Kristjánssyni sjómanni og eignuðust þau fimm börn á tólf árum. Bjuggu þau fyrst á Þórsgötunni sem Margrét segir að hafi verið heldur utan við bæinn á þeim tíma. Árið 1941 ákveða hjónin að flytjast með börnin á Langholtsveginn þar sem Margrét býr enn þann dag í dag en hún segir að þá hafi það verið úti í sveit og að húsið hafi verið umkringt sumarbústöðum.

### Aldurinn hefur ekkert að segja

„Mér finnst gott að vera hér," segir Margrét og bætir við að ástæðan sé helst sú að fjölskyldan byggði húsið sjálf. „Í þá daga hafði fólk engin efni á því að taka smiði. Allir gerðu það sem þeir gátu sjálfir en fengu náttúrulega menn til að leggja vatn og rafmagn. Allt handverk gerðu menn sjálfir. Ég þiljaði þetta til dæmis," segir Margrét og bendir á eitt af gulrósóttu hornunum í eldhúsinu á Langholtsveginum. „Ég hjálpaði bóndanum þegar ég var ekki að sýsla við krakkana og matinn, og var handlangari hjá honum," segir Margrét og hlær innilega.

Margrét segir að þegar Langholtsvegurinn var að byggjast hafi nágrannarnir allir þekkst en svo sé ekki í dag. „Nú er gamla fólkið dáið, farið á elliheimili eða í burtu og nýtt fólk komið í staðinn en ég þekki fátt af því. Í dag er enginn samgangur eins og var þá," segir Margrét sem býr ein í dag þó alla daga komi einhver í heimsókn til hennar. „Mér finnst alveg ljómandi að búa ein. Ef maður er frískur og á fótum er alveg sama hver aldurinn er. Hann hefur ekkert að segja."

### Gekk til Reykjavíkur

Margrét var heimavinnandi húsmóðir, gekk til Reykjavíkur með börnin til að fara í búðir og hélt líflegt heimili en eftir að börnin voru uppkomin hóf hún vinnu í fiski. „Mér fannst gaman að vinna úti. Núna vilja Íslendingar ekki vinna í fiski því þeim finnst það ekki nógu fínt fyrir sig," segir Margrét brosandi. „Mér fannst það alveg ljómandi."

Margrét segist heimsækja Núpsstað hvert sumar og að henni finnist hún í hvert skipti vera komin heim. En hefur hún farið til útlanda? „Já, já, maður fór þetta nú. Fyrst fór ég með bóndanum til Englands. Þá tóku sjómennirnir konurnar með sér í túr á togaranum. Seinna hef ég flogið," útskýrir Margrét sem vill langt um heldur vera á Íslandi og á Langholtsveginum innan um stóla, borð og myndir sem hún hefur í gegnum árin saumað út og geymir í öðrum enda stofunnar þar sem sólin nær ekki til.



**Á FERÐINNI** Margrét fór í lagningu í tilefni afmælishalds sem verður í kvöld með fjölskyldu og vinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SAUMAÐI OG VERKAÐI FISK** Þau eru orðin mörg handtökin hennar Margrétar. Hún saumaði mikið en hefur dregið úr því með árunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ef maður er frískur og á fótum er alveg sama hver aldurinn er. Hann hefur ekkert að segja.



**FRÍSK OG Á FÓTUM** Margrét Hannesdóttir er ern og ber aldurinn vel. Hún býr enn í húsinu sem hún hefur búið í síðustu sjötíu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# ferðalög

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG ]

JÚLÍ 2009

# MIÐNÆTURSÓL Á 69 GRÁÐUM NORÐUR

## TÖFRAR ILULISSAT Á GRÆNLANDI

+ ÍSLENSKUR VÍNBAR SLÆR Í GEGN Í LONDON, BANDARÍKI HÖRPU EINARSDÓTTUR, GÖNGUFERÐIR Á VESTFJÖRÐUM OG SKÍÐAFERÐIR TIL SVISS


Yfir 30 gerðir vandaðra grilla frá Þýskalandi

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400




Opið laugardag til kl. 14

# MIÐBAUGUR

ÞAÐ HEITASTA Í ...
HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Anna Margrét Björnsson skrifar



## SUMARIÐ HEIMA

Það er svo einfalt að finna rómantíkina í einföldustu hlutum. Það þarf ekkert endilega að fljúga til New York, Balí eða Feneyja til að eiga spennandi sumarfrí heldur getur einföld vika úti á landi gert kraftaverk fyrir sálina. Það er samt farið að hljóma eins og helber klisja að segja: „Ég ætla að sækja Ísland heim í sumar“ þar sem allir, sökum kreppu, virðast vera að faðma að sér eigið land og dásama innanlandsferðir þessa dagana. Það eru svo margir svona hlutir sem eru orðnir að hálfgerðum „kreppuklisjum“. Hvort sem fólk á peninga eða ekki þá tala allir um innanlandsferðir, matjurtagarða, notuð húsgögn og bíldruslur sem er á vissan hátt fyndið en auðvitað á allan hátt jákvætt. Ég man varla eftir öðru eins sumri þegar fólk dásamar eigið land jafnmikið. Allir sem ég þekki eru búnir að vera að bruna um landið þvers og kruss, og ólíklegasta fólk er orðið að háfjallageitum í alls kyns göngum. Enda er sumarið líka búið að leika við landann eftir þennan leiðindavetur og ekkert yndislegra en að slaka á úti í íslenskri náttúru og sumarsól. Sjálf skrapp ég í yndislega friðsæld Skagafjarðarins með vinahópi og var svo heppin að eyða löngum heitum dögum í að lesa úti á engi þar sem ekkert heyrðist nema í einstaka spóa, eða flatmaga við sundlaugarbakka. Góð gönguferð með smáfólki út í falda vík þar sem allir fundu glitrandi gimsteina var líka afar vinsæl leið til að eyða eftirmiðdegi. Svo enduðu kvöldin á góðum mat, dásemdar rauðvíni, góðu spjalli og kúri úti í móa. Ég vona að sumarið geymi fleiri slíkar stundir.

**ferðalög** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins.

**Ritstjóri** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is*
**Útlit** Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
**Forsíðumynd** Vilhelm Gunnarsson, tekin á Grænlandi
**Pennar** Róald Eyvindsson
**Ljósmyndir** Fréttablaðið
**Auglýsingar** Benedikt Freyr Jónsson *bfj@frettabladid.is*






**Gamalgróinn skíðabær** Hægt er að skíða upp í 300 metra hæð í Davos.

# SKÍÐI OG SVISSNESK SÆLA

**Nýr áfangastaður hjá Úrval-Útsýn**

BÓKAÐU NÚNA

Það er fátt skemmtilegra en gott skíðafrí með fjölskyldu eða vinum, þar sem dögunum er eytt í brekkunum og kósíheit, og góður matur og „aprés-ski“ stemning taka við á kvöldin. Ítölsku alparnir hafa verið einstaklega vinsælir hjá Íslendingum undanfarin ár en Úrval-Útsýn hefur boðið upp á ferðir þangað á staði eins og Madonna og Selva.

Næsta vetur kynnir ferðaskrifstofan hins vegar til sögunnar nýjan áfangastað, bæinn Davos í Sviss. Þessi fallegi bær hefur boðið upp á skíðaiðkun allt frá átjándu öld og er einn sá þekktasti í Sviss. Skíðaferðir hófust til Davos í lok 18 aldar og því er óhætt að segja að Davos sé gamalgróinn skíðabær og hann er einn sá stærsti og þekktasti í Sviss. Davos liggur í um 1.500 metra hæð yfir sjávarmáli og þar er hægt að skíða upp í tæplega 3.000 metra hæð. Brekkurnar eru mjög fjölbreyttar og eru fyrir alla, byrjendur og þá sem eru lengra komnir. Skíðagöngubrautir eru einnig mjög skemmtilegar og fjölbreyttar.

Það er ekki hægt að skella sér í skíðafrí án þess að smakka á ljúffengu fondue eða raclette en Davos er einmitt þekktur fyrir fjölmörg frábær veitingahús. Eins og Svisslendingum sæmir er þar líka að finna glæsilegar verslanir og ekki úr vegi að skoða svissnesk úr og bragða á ljúffengum ostum og súkkulaði.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

# ÍSLENSKUR VÍNBAR SLÆR Í GEGN Í LONDON

**Kensington Wine Rooms í Notting Hill**

Athafnamaðurinn Thor Guðmundsson, sem áður átti vinsælu ensku „Frog“ pöbbana í París opnaði sinn fyrsta vínbar í London á síðasta ári. The Kensington Wine Rooms er í Notting Hill og býður upp á gríðarlega mikið úrval góðra vína ásamt ljúffengum mat frá Miðjarðarhafinu. Staðurinn er klassískur, látlaus en smart og þar er einnig að finna hinar sniðugu Enomatic vínvélar sem skammta um 40 mismunandi vín, við fullkomið hitastig, sem eru seld í glasatali. Vínlistinn er annars mjög frumlegur og hægt að panta vínflöskur á mjög hóflegu verði. Matseðillinn er einfaldur og góður og býður upp á klassíska rétti eins og grillaðan smokkfisk, chorizo pylsur með pönnusteiktum kartöflum, grillaðan fisk og steikur. Staðurinn hefur fengið afbragðsgóðar viðtökur og mikið lof frá gagnrýnendum hjá Time Out og The Evening Standard svo eitthvað sé nefnt.

*- amb*



**Mikð úrval af góðum vínum** The Kensington Wine Rooms hefur fengið afbragðs viðtökur hjá bresku pressunni.

THE KENSINGTON WINE ROOMS, 127-129 KENSINGTON CHURCH STREET, NOTTING HILL OG EINNIG ER AÐ FINNA AÐDÁENDASÍÐU Á FACEBOOK.



sumarferdir.is
Kanarí í vetur
Verð frá:
59.900 kr.*
- besta verðið bókast fyrst!
Hotel Baobab
Glæsileg gisting
í viku með
morgunverði.
29.734 kr aukalega
fyrir hálft fæði
frá 99.933 kr.*
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn
vikuferð 3.-10. janúar 2010
SUMAR FERÐIR
...eru betri en aðrar
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
* Flug báðar leiðir með sköttum og öðrum greiðslum.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef
bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



**Ilulissat á Grænlandi.** Í bænum, sem er á 69. breiddargráðu á vesturstöndinni búa 4.500 manns. Ilulissat er á heimsminjaskrá Unesco.

# MIÐNÆTURSÓL Í NORÐRI

Gænland, þetta exótíska og leyndardómsfulla land er okkar næsti nágranni en samt er það okkur svo framandi. *Vilhelm Gunnarsson*, ljósmyndari Fréttablaðsins, slóst í för með Flugfélagi Íslands til Nuuk, Narsarsuaq, Qaqartoq, Bröttuhlíðar og nýs áfangastaðar: Ilulissat.



**Kajakferð í Ilulissat** Ísjakar gnæfa upp úr sjónum og ljá firðinum mikla fegurð.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**Beðið eftir strætó.** Þessir krakkar voru að koma úr kajakkeppni í Ilulissat og voru að bíða eftir strætó.

# inni&úti

LAUGARDAGUR 18. JÚLÍ 2009 *Sumarblað Fréttablaðsins*



**HEYRÚLLUR Í HAGA** Hátíðin Kátt í Kjós verður haldin nú um helgina.

BLAÐSÍÐA 3



**NÝJUNG Í FERÐA-ÞJÓNUSTU** Ferðamannastrætó tekinn í notkun á Akureyri.

BLAÐSÍÐA 3





LÚR BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla

Margir litir í boði – Frábær verð í gangi



LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

## Gaman saman



**HAFNFIRÐINGAR** og vinir þeirra halda Skógar- og útivistardag fjölskyldunnar í dag í Skógræktinni Höfðaskógi. Þar verður dagskrá frá klukkan 14 með setningu, Helgistund, tónlist og Skógar-göngu. Hægt er að grilla við Hvaleyrarvatn og heitt verður á könnunni í Þöll og Gildisskála hjá skátunum sem selja kaffi og vöfflur á hundrað krónur.

Teymt verður undir börnum í gerðinu við Sörlastaði milli klukkan 15 og 16 í boði Íshesta og Sörla.

Gróðurinn er fjölskrúðugur í Höfðaskógi. Þar er rósagarður með yfir 100 rósayrkjum og trjásafn með meira en 200 tegundir trjáa og runna.

## Einu sinni er …



**NYTJAHLUTIR** eftir 24 höfunda verða á Sýningu handverks og hönnunar sem ber heitið Einu sinni er … og verður opnuð í Bryggjusal Edinborgarhússins á Ísafirði næsta miðvikudag, 22. júní.

Hugmyndin var að hvetja til nýsköpunar og vöruþróunar með því að stefna saman tveimur ólíkum listamönnum. Því voru tólf einstaklingar valdir af Handverki og hönnun og hver þeirra valdi sér samstarfsmann af öðru sviði og af annarri kynslóð.

Þema sýningarinnar er gamalt og nýtt. Askurinn sem hér sést nefnist Nói og er eftir Þorberg Halldórsson og Ara Svavarsson.




Gæðafiskur úr Eyjum
www.godthaab.is
pantaðu á netinu eða
hringdu í síma 616 1299 og við sendum þér

Ýsa m/án roðs • Ýsuhakk • Reykt ýsa
Saltfisk-hnakkar • Þorskur • Gellur • Humar
Skötuselur • Harðfiskur • Hundaharðfiskur

**Þú færð fiskinn okkar einnig á eftirtöldum stöðum:**
**Plúsmarkaðurinn** Hátúni 10b Reykjavík
**Pétursbúð** Ránargötu 15 Reykjavík
**Gónhóll** Eyrarbakka
**Bændamarkaðurinn** Flúðum
**Minni-Borg,** Grímsnesi
**Stallar** bændamarkaður
**Vöruval** Vestmannaeyjum

GODTHAAB Í NÖF



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið




**MUNUM AÐ VÖKVA** Áríðandi er að vökva gróður í því þurra veðri sem verið hefur að undanförnu. Best er að vökva á morgnana og síðla dags.




**Sigurður Ámundason er listamaðurinn bak við þetta stórborgarverk á gafli sem snýr í vesturátt. Á því voru unnar skemmdir fyrir nokkrum dögum en Sigurður brást strax við og hóf lagfæringar.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Glænýtt torg, fögur borg

Á svokölluðum Hljómalindarreit hefur orðið til torg sem vakið hefur mikla lukku.

Nýtt og glaðlegt torg hefur orðið til í miðborg Reykjavíkur sem almenningur kann greinilega að meta. Það er á svokölluðum Hljómalindarreit á bak við húsið að Hverfisgötu 24. Þar var fyrr í sumar hafist handa við að tyrfa og helluleggja en áður höfðu verið fjarlægðir þaðan skúrar og girðingar. Nú er svæðið orðið hið fegursta. Það laðar að borgarbúa og gesti sem gæða sér þar á nesti eða líta í bók og tónleikar og útimarkaðir eru fyrirhugaðir um helgar á næstunni.

Átakið Bjarta Reykjavík á stóran þátt í breytingunni. Á deiliskiplagi er gert ráð fyrir að hótelbygging rísi við Hverfisgötuna en í ljósi þess að bið verður á stórframkvæmdum var talið heillaráð að bæta svæðið með litlum tilkostnaði. Því var það fegrað með gróðursetningu, málningu og hellum sem hægt er að flytja til seinna og endurnýta. Þetta heitir að gæða borgina lífi. *-gun*



**Sjálfboðaliðar frá Vaktinni og Vinnuskóla Reykjavíkur í samvinnu við Óskatré hafa unnið við að mála húsgaflana við torgið bak við Hverfisgötu 24 með gjafamálningu frá Slippfélagi Reykjavíkur.**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Hjartað á miðju torginu sendir hlýja strauma út í umhverfið.**



**Súrrealískt listaverk eftir Franceseo Sideli, sem er Sikileyingur búsettur í New York.**



**Skyldu þessi tvö vera að hugsa það sama þegar þau lentu á myndinni hjá Gunnari V. Andréssyni ljósmyndara?**




**Forsíðumynd:** Gunnar V. Andrésson **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000
**Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
**Auglýsingar:** Hlynur Þór Steingrímsson s. 512 5439 og Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir s. 512 5462
**Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

**ULL Í FAT** er þjóðleg keppni sem haldin verður á Hvanneyri í dag. Það er Ullarselið sem stendur fyrir keppninni sem fara mun fram í kálfafjósi Halldórsfjóss. Háð verður keppni í því að vinna ull í fat, frá hráefni til fullunninnar vöru. Keppnin hefst klukkan 13.30.





FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447






Hallgerður Arnórsdóttir hleypur Laugaveginn í dag ásamt 341 öðrum hlaupara. Hún er fyrsta og eina konan í flokki kvenna 60 ára og eldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bara glöð að geta þetta

**Þrettánda Laugavegshlaupið er haldið í dag. Hallgerður Arnórsdóttir er ein af 342 keppendum og hleypur Laugaveginn nú í fjórða sinn. Hún er fyrsta og eina konan sem skráð er í flokk kvenna 60 ára og eldri.**

„Ég byrjaði að hlaupa árið 1992. Fór aðeins til prufu en þetta hentaði mér svo vel að ég hef verið á hlaupum síðan,“ segir Hallgerður Arnórsdóttir, eða Gerður, sem tekur í dag þátt í Laugavegshlaupinu í fjórða sinn. Hlaupið, sem er 55 km langt, hefst í Landmannalaugum og lýkur í Húsadal í Þórsmörk.

Gerður hefur verið í hlaupahópnum ÍR-skokk frá árinu 1994 og hefur hópurinn haldið vel saman og tekið þátt í ýmsum hlaupum. „Við fórum stutt fyrst og svo hefur þetta verið að smálengjast,“ útskýrir Gerður. Árið 1999 ákváðu svo sextán úr skokkhópnum að taka þátt í Laugavegshlaupinu. „Þá gerði ég það í tilefni þess að ég yrði fimmtug á árinu,“ segir Gerður sem hefur farið hlaupið tvisvar síðan.

„Svo fannst mér tilvalið að fara síðasta Laugavegsmaraþonið á árinu sem ég yrði sextug og loka ferlinum þannig,“ segir hún glaðlega.

Þegar Gerður tók þátt í hlaupinu fyrst var aðeins til flokkur kvenna 38 ára og eldri sem hún var ekki sátt við enda var til flokkur karla fimmtíu ára og eldri. Korteri fyrir upphaf hlaupsins var því búinn til flokkur kvenna fimmtíu ára og eldri sem Gerður keppti í ásamt einni erlendri konu. Í þetta sinn þurfti aftur að búa til nýjan flokk fyrir Gerði, konur 60 ára og eldri, þar sem hún verður eini keppandinn. Hún er þó ekkert að hreykja sér af þessum afrekum. „Mér finnst bara gaman að vera sextug og geta gert þetta,“ segir hún.

En hvernig undirbýr hún sig fyrir svona langt hlaup? „Ég hleyp um þrisvar til fjórum sinnum í viku, hjóla og fer í nokkrar fjallgöngur,“ svarar Gerður. Hún vonast til að geta hlaupið leiðina á undir átta tímum en besti tími hennar er sjö og hálfur tími. Þess má geta að metið í kvennaflokki er 5 klukkustundir og 31 mínúta.

„Það ætti að hjálpa sjálfstrausti leikmanna að vinna þessar þjóðir í fyrsta sinn því ef manni hefur tekist eitthvað áður þá ætti manni að geta tekist það aftur. Það er allt af erfiðast að gera hlutina í fyrsta skiptið. Þegar maður hefur stigið skrefið og náð árangri þá ætti maður að hafa meiri trú á því að ná árangri aftur,“ segir Sigurður Ragnar.

„Hver sigur á móti stórþjóð hefur hjálpað liðinu að bæta sig enn frekar. Ég minni þær oft á það að við höfum náð góðum árangi og af hverju ættum við ekki að geta það í lokakeppni sem dæmi?“

Það fækkar því óðum þeim knattspyrnuþjóðum í heiminum sem hafa ekki þurft að sætta sig við tap á móti stelpunum okkar. Meðal þeirra þjóða sem eru enn taplausar á móti íslenska kvennalandsliðinu eru Bandaríkin (1 jafntefli, 9 töp), Þýskaland (10 töp) og Svíþjóð (1 jafntefli, 7 töp).

Íslensku stelpurnar hafa heldur aldrei unnið Danmörku en fá tækifæri til þess að breyta því um helgina. Danska kvennalandsliðið vann íslensku stelpurnar 2-0 í Algarvebikarnum í mars. Danmörk hefur unnið alla þrjá leiki þjóðanna til þessa með markatölunni 9-1.

„Við spiluðum ekki okkar besta leik á móti Dönum síðast og og viljum bæta fyrir það. Leikurinn var mjög erfiður leikur fyrir okkur. Danir voru með boltann nánast allan leikinn og við vorum í eltingarleik,“ segir Sigurður Ragnar.

„Þær eru í sjötta sæti á heimslistanum þannig að þetta er ein allra besta þjóð í heimi. Það verður mikil áskorun fyrir okkur að mæta þeim,“ segir landsliðsþjálfarinn.

Frábært gengi stelpnanna að undanförnu ætti að hafa gefið liðinu mikið sjálfstraust og fyrsti sigurinn í sögunni á Dönum er því kannski ekki fjarlægur draumur.

**ooj@frettabladid.is**


Tvær af vinsælustu plötum eins besta trúbadors landsins loksins fáanlegar aftur




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is
Endurnýjaðu kynnin við smelli eins og „Vegbúann“ og „Þjóðveg 66“


Félagaskiptaglugginn opnaður á miðvikudag:

## Arnar mættur og Bjarki á leiðinni

**FÓTBOLTI** Nokkuð hefur verið um hræringar á leikmannamarkaðnum hér á landi síðan félagaskiptaglugginn var opnaður á miðvikudag en hann verður opinn til mánaðamóta. Stærstu tíðindin eru klárlega koma Arnars og Bjarka Gunnlaugssonar til Valsmanna eftir að þeir bræður hættu sem spilandi þjálfarar ÍA í 1. deildinni.

Arnar var formlega kynntur sem nýr leikmaður Vals í gær en líklega verður gengið frá komu Bjarka eftir helgi. „Ég bað um aðeins lengri frest því ég vill fullvissa mig um að ég sé í fínu standi. Ég ætla í skoðun og ef hún gengur vel þá verður þetta orðið klárt á þriðjudag eða miðvikudag,” sagði Bjarki í gær.

KR hefur lánað sóknarmanninn Guðmund Pétursson út tímabilið í Breiðablik en botnlið Þróttar hafði áhuga á honum.

Þróttur hefur hinsvegar tryggt sér þjónustu Sam Malsom út sumarið en Malsom er enskur sóknarmaður. Hann er á 21. aldursári og kemur frá B36 í Færeyjum þar sem hann hefur leikið lykilhlutverk. Þróttarar hafa misst Hjört Hjartarson sem er kominn í Selfoss, topplið 1. deildarinnar.

Óli Stefán Flóventsson leikur sinn fyrsta leik fyrir Grindavík annað kvöld. Norskur sóknarmaður, Tor Erik Moen, kom til landsins á vegum Óla og hefur æft með liðinu undanfarna daga. Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Grindavíkur, segir að leikmaðurinn hafi staðið sig vel og reynt verði að ná samningum við hann.

Þá eru Fjölnismenn einnig að leita að styrkingu fyrir sitt lið. Þeir hafa þegar fengið Andra Stein Birgisson sem er kominn heim frá norska neðri deildarliðinu Asker en láta þar ekki staðar numið og hyggjast styrkja sig frekar. **- egm**



**Í RAUTT** Arnar Gunnlaugsson er orðinn leikmaður Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

# Nýtt í Hagkaup!

ÍSLENSKT TÓNLISTARSUMAR 2009




NÝTT

KR. 2.199

**Inniheldur 13 lög frá Björgvini Halldórssyni.**
Gestir: Krummi, Maggi Eiríks, KK, Pétur Örn og hin ljúfa Sigríður Thorlacius

## Tónlist

*NR.2




KR. 2.199

*NR.3




3CD

Heitasta plata sumarsins

KR. 2.699




KR. 2.199




KR. 2.199




KR. 2.199

## Tölvuleikir

Allir leikir fást í Smáralind, takmarkað úrval í öðrum verslunum

Sjáðu myndirnar, spilaðu leikina










*Skv. Tónlistanum
Gildir til 23.júlí eða meðan birgðir endast

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



> Sarah Chalke

„Ég gerðist grænmetisæta þegar ég var tólf ára og fannst það ekkert mál. Það var aftur á móti heilmikið mál að byrja að borða kjöt aftur því líkaminn var svo lengi að venjast því.“

***Chalke fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Lipstick sem Skjár einn sýnir í kvöld. kl. 21.00.***

# dagskrá sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.30**

**Numbers**

Í kvöld byrja aftur á Stöð 2 hinir vinsælu þættir Numbers. Þættirnir fjalla um tvo ólíka bræður sem sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Manderlay**

**Sjónvarpið kl. 21.40**

Dönsk bíómynd frá 2005 í leikstjórn Lars von Trier. Myndin gerist á fjórða áratug síðustu aldar og segir frá ungri konu sem verður vitni að þrælahaldi í suðurríkjum Bandaríkjanna og berst gegn því, enda sjötíu ár síðan það var bannað með lögum. Aðalhlutverk: Bryce Dallas Howard, Isaach De Bankolé, Danny Glover, Willem Dafoe og Lauren Bacall.



## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Lítil prinsessa, Geirharður Bojng Bojng, Gló magnaða, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.

**10.00 Opna breska meistaramótið í golfi** (4:5) Bein útsending frá 137. Opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Turnberry-vellinum í Skotlandi dagana 16.-19. júlí.

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.05 Stundin okkar** Þáttur fyrir yngstu börnin í umsjón Björgvins Franz Gíslasonar. (e)

**18.33 Hellisbúar** (Cavemen) (7:13) Bandarísk gamanþáttaröð um þrjá frummenn sem búa innan um nútímafólk í Bandaríkjunum. Oft verða vandræðaleg atvik í samskiptum þeirra við „hinn viti borna mann“ en eins sjá má er ekki ýkja mikill munur á villimönnunum og nútímafólkinu. Aðalhlutverk: Bill English, Nick Kroll, Sam Huntington og Kaitlin Doubleday.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Út og suður** Gísli Einarsson heilsar upp á hjónin Elfar Loga Hannesson leikara og Marsibil Kristjánsdóttur myndlistarmann.

**20.05 Afríka, ástin mín** (Afrika, mon amour) (3:3) Þýskur myndaflokkur um konu sem flyst frá Berlín til Tansaníu árið 1914 eftir að maðurinn hennar er henni ótrúr. Aðalhlutverk: Iris Berben, Robert Atzorn, Gerald Alexander Held, August Schmölzer og Bettina Zimmermann.

**21.40 Manderlay** (Manderlay) Dönsk bíómynd frá 2005. Aðalhlutverk: Bryce Dallas Howard, Isaach De Bankolé, Danny Glover, Willem Dafoe og Lauren Bacall.

**23.55 Söngvaskáld** (4:6) Megas flytur nokkur laga sinna að viðstöddum áheyrendum í myndveri Sjónvarpsins. (e)

**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Lalli, Þorlákur, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli og Lóa.

**07.40 Algjör Sveppi** Boowa and Kwala, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Áfram Diego, áfram!, Könnuðurinn Dóra, Aðalkötturinn, Apaskólinn og Íkornastrákurinn

**10.25 Matilda**

**12.00 Nágrannar**

**12.20 Nágrannar**

**12.40 Nágrannar**

**13.00 Nágrannar**

**13.20 Nágrannar**

**13.45 So You Think You Can Dance**

**15.10 So You Think You Can Dance**

**16.00 Hell's Kitchen**

**16.55 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.

**17.40 60 mínútur** Reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvæg málefni og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.59 Veður**

**19.10 Pressa** (4:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson.

**20.00 Amne$ia** (7:8) Keppendur í þessari fersku og stórskemmtilegu spurningakeppni þurfa að svara spurningum sem tengjast þeim sjálfum og oftar en ekki eru þær afar vandræðalegar.

**20.45 Monk** (4:16) Einkaspæjarinn og sérvitringurinn Adrien Monk er mættur í þessari sjöundu og bestu þáttaröð til þessa og heldur uppteknum hætti við að aðstoða lögregluna við lausn allra undarlegustu sakamálanna.

**21.30 Numbers** (1:23)

**22.15 Lie to Me** (5:13)

**23.00 60 mínútur**

**23.45 White Lights, Black Rain**

**01.15 United 93**

**03.05 Kinsey**

**05.00 Monk** (4:16)

**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.05 FH - Keflavík** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

**10.55 PGA Tour 2009 - Hápunktar**

**11.50 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni.

**12.15 Gillette World Sport 2009**

**12.45 Box** Útsending frá bardaga Amir Khan og Andreas Kotelnik.

**14.15 2001 UEFA Cup Final** Sýnt frá leik Liverpool og Alaves en liðið léku til úrslita í Evrópukeppni félagsliða árið 2001.

**16.40 Celebrity Soccer Sixes**

**17.30 Meistaradeildin - Gullleikir** Barcelona - Man. Utd. 2.11. 1994.

**19.10 Pepsímörkin 2009**.

**20.10 FH - Keflavík** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

**22.00 Pepsímörkin 2009**

**23.00 10 Bestu: Sigurður Jónsson**

**23.50 FH - Keflavík** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla.

**01.40 Pepsímörkin 2009**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.50 PL Classic Matches** Arsenal - Liverpool, 2003. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**18.20 PL Classic Matches** Man City - Man United, 2003.

**18.50 Football Rivalries: Arsenal v Tottenham** Þættir þar sem rígur helstu stórvelda Evrópu er skoðaður innan vallar sem utan.

**19.45 Premier League World 2008/09** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.15 Man. Utd. - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.55 PL Classic Matches** Arsenal - Man. United, 2002.

**22.25 PL Classic Matches** Newcastle - Chelsea, 1995.

## EXTRA

**15.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.

**16.00 Hollyoaks** (231:260)

**16.25 Hollyoaks** (232:260)

**16.50 Hollyoaks** (233:260)

**17.15 Hollyoaks** (234:260)

**17.40 Hollyoaks** (235:260)

**18.05 Seinfeld** (6:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

**18.30 Seinfeld** (7:22)

**19.00 Seinfeld** (9:24)

**19.30 Seinfeld** (10:24)

**20.00 Total Wipeout** (8:9) Hér er á ferð ómenguð skemmtun, gamall og góður buslugangur.

**21.00 America's Got Talent** (7:20) Leitin er hafin í þriðja sinn að sönnu hæfileikafólki. Líkt og síðast verða dómararnir þau David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer er kynnir.

**21.45 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins.

**22.30 The O.C.**

**23.15 Seinfeld** (6:22)

**23.40 Seinfeld** (7:22)

**00.05 Seinfeld**

**00.30 Seinfeld** (10:24)

**00.55 Sjáðu**

**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**15.30 Í nærveru sálar**

**16.00 Hrafnaþing**

**17.00 Græðlingur**

**17.30 Skýjum ofar**

**18.00 Neytendavakin**

**18.30 Óli á Hrauni**

**19.00 Mér finnst**

**20.00 Hrafnaþing**

**21.00 Í kallfæri**

**21.30 Maturinn og lífið**

**22.00 Hrafnaþing**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**11.50 World Cup of Pool 2008** (e)

**12.40 Rachael Ray** (e)

**13.25 Rachael Ray** (e)

**14.10 Málefnið** (7:7) (e)

**15.10 America's Funniest Home Videos** (2:48) (e)

**15.35 Style Her Famous** (11:20) (e)

**16.05 Stylista** (8:9) (e)

**16.55 Monitor** (4:8) (e)

**17.25 Britain's Next Top Model** (e)

**18.15 Bachelorette** (1:12) (e)

**19.45 America's Funniest Home Videos** (3:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**20.10 Robin Hood** (5:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hrói og félagar bjarga hinni fögru Isabellu og Guy Gisborne snýr aftur til að drepa Hróa.

**21.00 Lipstick** Sjónvarpsmynd frá árinu 2006 um unga konu sem er staðráðin í að vinna bug á brjóstakrabbameini með hugrekki og húmor að vopni og rauði varaliturinn hennar verður tákn jákvæðninnar í baráttunni við þennan vágest. Myndin er byggð á metsölubókinni Why I Wore Lipstick To My Mastectomy eftir Geralyn Lucas.

**22.30 Angels Fall** Rómantísk spennumynd sem byggð er á metsölubók eftir Noru Roberts. Reece flytur frá Boston í leit að nýju lífi eftir að hafa lifað af skotárás þar sem allir starfsfélagar hennar voru myrtir. Hún sest að í smábænum Angels Fall. Henni er rétt farið að líða vel á nýja staðnum þegar undarlegir hlutir gerast og Reece fer að efast um eigin geðheilsu.

**00.00 CSI. Miami** (10:21) (e)

**00.50 Murder** (2:10) (e)

**01.40 Óstöðvandi tónlist**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 Johnny Dangerously**

**10.00 Revenge of the Nerds**

**12.00 Draumalandið**

**14.00 Johnny Dangerously**

**16.00 Revenge of the Nerds**

**18.00 Draumalandið** Talsett teiknimynd fyrir alla fjölskylduna sem er byggð lauslega á sögunni Draumur á Jónsmessunótt eftir Shakespeare.

**20.00 A Good Year**

**22.00 Great Expectations**

**00.00 The Things About My Folks**

**02.00 Inside Man**

**04.05 Great Expectations**

**06.00 Prozac Nation**

## DR 1

**10.10** Boxen **10.25** Tjenesten classic **10.40** I lære som stjerne **11.10** Ungdomsredaktionen præsenterer. Roskilde Festival **11.40** Flight 29 savnes! **12.05** Det lille hus på prærien **12.55** Den store dag **13.55** Columbo **15.30** Ebb og Flo **15.35** Postmand Per **15.50** Det gule hus **16.00** Tæt på Dyrene **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Sherlock Holmes **18.00** Klodens kræfter **19.00** TV Avisen **19.15** Aftentour 2009 og SAS liga **20.00** Taggart **21.40** Reimers **22.20** Dodens detektiver **22.40** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Ut i naturen jukeboks **11.30** Du skal hore mye jukeboks **12.30** Norsk på norsk jukeboks **13.15** Om et hjerte **14.15** Lollipop **14.40** Thor Heyerdahl - På jakt etter paradiset **15.30** Åpen himmel **16.00** Bella, Boris og Berta **16.25** Småkryp **16.30** Et apeliv **17.00** Dagsrevyen **17.30** Sportsrevyen **17.45** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.15** Kameleon-stranda **19.10** Poirot **20.55** Smilehullet **21.00** Kveldsnytt **21.15** Sorgekåpen **22.15** „Nordkaperen“ seiler i Indonesia **23.15** Verdensarven **23.30** Jazz jukeboks

## SVT 1

**10.00** Guld och gröna skogar **11.35** Grattis kronprinsessan **13.05** Spioner på riktigt **14.00** Simning **16.00** Rapport **16.15** Hedebyborna **17.15** En dag i Sverige **17.30** Rapport **17.50** På Stockholms slott **18.00** Solens mat **18.30** Sportspegeln **19.00** Being human **20.00** Hemligstämplat **20.30** Språkresan **21.00** Allt ljus på **21.40** Packat & klart sommar **22.10** Hunter





BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

**Skráðu þig í eitt glæsilegasta golfmót ársins.**
**Tveggja daga punktakeppni með niðurskurði.**

*Vinningar:*
*80.000 kr. Gjafabréf frá Smáralind*
*50.000 kr Gjafabréf frá Smáralind*
*40.000 kr Gjafabréf frá Smáralind*
*Tvær 30.000 kr inneignir frá American Express*
*Fimmtán Cintamani jakkar*
*Sex 10.000 kr inneignir frá Ecco búðunum*
*Fjöldi áskrifta frá Stöð 2 Sport og Sport 2*
*Tveir Nike SQ Dymo Driverar og tvö brautartré*
*Tvö 6 mánaða kort í Hreyfingu*
*Dekur hjá Blue Lagoon*

*Nánari upplýsingar á bylgjan.is og skráning á golf.is*

Smáralind

ecco AMERICAN EXPRESS HREYFING NIKEGOLF SPORT GKG



Stendur þú skil á þínu?
Samfélagið er svikið um 40 milljarða vegna svartrar atvinnustarfsemi
Talið er að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 milljörðum á hverju einasta ári. Fyrir þá fjárhæð væri hægt að reka Landspítalann í eitt ár eða reka alla almenna heilsugæslu í tvö ár eða byggja nýtt hátæknisjúkrahús.
Hættum að kaupa og selja svarta vinnu!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

> **Tom Hanks**

„Það gekk maður á tunglinu og til þess þurfti ekki kraftaverk heldur vilja. Það ætti að vekja okkur öll til umhugsunar.“

***Hanks fer með aðalhlutverkið í myndinni Apollo 13 sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 20.10.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VÍÐIR SMÁRI PETERSEN SKEMMTI SÉR YFIR ESB-UMRÆÐUM Á ALÞINGI

# *Nauðgun og BDSM-kynlíf á Alþingi*

Ég horfði á sjónvarpið spenntur í hádeginu á fimmtudag eins og margir landsmenn. Það var ekki úrslitaleikurinn í handbolta á Ólympíuleikunum heldur, ótrúlegt en satt, umræður á Alþingi um ESB-tillöguna. Í eiginlega fyrsta sinn á ævi minni, fyrir utan umræðu um breytingu á vatnalögum árið 2006, sem allir virtust hafa mikla skoðun á en 97% þjóðarinnar hafði enga hugmynd um hvað var í gangi, var gaman að fylgjast með Alþingi. Reyndar var frekar leiðinlegt að horfa á hversu ógeðslega mörgum fannst gaman að gera grein fyrir atkvæði sínu en notuðu samt ræðutímann sinn aðallega til að gagnrýna andstæðinga sína.

Þingmaður talaði um að ríkisstjórnin væri að nauðga lýðræðinu og menntamálaráðherra gaf í skyn að Sjálfstæðisþingmaður stundaði BDSM-kynlíf, eftir að hann hafði dregið svipuhögg og keðjur í umræðuna. Önnur þingkona, sem batt sig einmitt með keðjum við vinnuvélar á Kárahnjúkum á sínum tíma, sagði málið ógeðslegt og viðurkenndi daginn áður að hreyfing hennar, sem kennir sig við hamborgara, væri að hóta ríkisstjórninni. Síðan vitnaði dæmdur þingmaður í skáld frá Grindavík og sagði Brussel vera kæfubelg.



Þetta var skemmtilegt sjónvarpsefni! Miklu skemmtilegra en að horfa á raunveruleikaþætti eða ekta RÚV-sjónvarpsmynd um danska ekkju frá 19. öld sem ákveður að breyta lífi sínu og flytja á býli úti í sveit með þremur ógiftum dætrum sínum. Því legg ég til að fólk horfi oftar á Alþingisstöðina (hún er þarna einhvers staðar nálægt klámstöðinni sem enginn er áskrifandi að á Digital Íslandinu þínu). Sjálfur horfi ég aldrei á Alþingisstöðina en hver veit nema það leynist svona skemmtilegar umræður á hverjum degi inni í þessum annars niðurgrotnaða vinnustað? Eða kannski var þetta undantekning. Hver veit? Líklega enginn, þar sem enginn horfir.

## LAUGARDAGUR



▶ **15.45** FH – Keflavík, beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.35** Fjölskylda mín SJÓNVARPIÐ



▶ **19.45** America's Funniest Home Videos SKJÁREINN



▶ **20.00** Fool's Gold STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20** Something New STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Pósturinn Páll, Stjarnan hennar Láru, Sammi, Tóti og Patti og Ólivía.
**09.00 Opna breska meistaramótið í golfi** (3:5) Bein útsending frá 137. Opna breska meistaramótinu í golfi sem fram fer á Turnberry-vellinum í Skotlandi dagana 16.-19. júlí.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Popppunktur** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
▶**19.35 Fjölskylda mín** (My Family VII) (8:9) Bresk gamanþáttaröð um tannlækninn Ben og skrautlega fjölskyldu hans. Aðalhlutverk leika Robert Lindsay, Zoë Wanamaker, Gabriel Thompson, Daniela Denby-Ashe og Siobhan Hayes.
**20.10 Apollo 13** (Apollo 13) Bandarísk bíómynd frá 1995 byggð á sannri sögu um leiðangur til tunglsins þar sem ýmislegt fór öðruvísi en til var ætlast. Leikstjóri er Ron Howard og meðal leikenda eru Tom Hanks, Bill Paxton, Kevin Bacon, Gary Sinise, Ed Harris og Kathleen Quinlan.
**22.30 Án landamæra** (Beyond Borders) Bandarísk bíómynd frá 2002 um stormasamt ástarsamband bandarískrar konu og bresks læknis við hjálparstörf í Afríku. Leikstjóri er Martin Campbell og meðal leikenda eru Clive Owen, Angelina Jolie, Teri Polo og Linus Roache. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**00.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Aquamarine**
**10.00 Everything You Want**
**12.00 The Ant Bully**
**14.00 Aquamarine**
**16.00 Everything You Want**
**18.00 The Ant Bully**
▶**20.00 Fool's Gold** Rómantísk ævintýramynd með Kate Hudson og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.
**22.00 Rush Hour 3** Þriðja myndin um tvíeykið bardagaglaða sem heldur hér áfram að berjast gegn ótíndum glæpamönnum.
**00.00 Into the Wild**
**02.25 Blind Flight**
**04.00 Rush Hour 3**
**06.00 A Good Year**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli á þakinu, Ruff's Patch og Flintstone krakkarnir.
**08.00 Algjör Sveppi** Gulla og grænjaxlarnir, Elías, Refurinn Pablo, Boowa and Kwala, Sumardalsmyllan, Svampur Sveinsson, Hvellur keppnisbíll, Könnuðurinn Dóra, Maularinn, Tommi og Jenni, Nornafélagið, Kalli litli Kanína og vinir og Ofuröndin.
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.20 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.00 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 Total Wipeout** (8:9)
**14.50 Gossip Girl** (23:25)
**15.40 Jamie At Home** (12:13) Jamie Oliver sýnir hvernig best er að elda einfalda rétti í eldhúsinu heima. Hann notar meðal annars ferskt grænmeti sem hann ræktar sjálfur.
**16.10 Ashes to Ashes** (8:8) Lögreglukonan Alex Drake fer aftur til ársins 1981 þar sem Þar hún hittir aðalvarðstjórann harðgerða og hortuga Gene Hunt.
**17.10 ET Weekend** Fremsti og frægasti þáttur í heimi þar sem allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
**18.00 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.45 Íþróttir**
**18.52 Lottó**
**19.00 Veður**
**19.05 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.35 America's Got Talent** (7:20) Leitin af sönnu hæfileikafólki er hafin í þriðja sinn.
▶**20.20 Something New** Rómantísk gamanmynd. Kenya McQueen er eftirsóttur lögfræðingur sem hefur alltaf haft allt í röð og reglu. Það kemur því vel á vondan þegar hún fellur fyrir algjörum sveimhuga, sjarmerandi landslagsarkitekti sem kærir sig kollóttan um það sem flokkast undir viðteknar venjur.
**22.00 The Mother** Dramatísk mynd um ungan mann sem á í ástarsambandi við eldri konu.
**23.55 Hótal Rúanda**
**01.55 Stephen King's Desperation**
**04.00 Gemsar**
**05.20 Jamie At Home** (13:13)
**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.25 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**10.20 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**10.45 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational en það var Hermann Hreiðarsson sem stóð fyrir mótinu.
**11.15 Kraftasport 2009** Sýnt frá Arnold Classic mótinu í Bandaríkjunum.
**11.50 Meistaradeildin - Gullleikir** Barcelona - Man. Utd. 2.11. 1994.
**13.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
**14.00 Evrópumótaröðin** Sýnt frá Barclays Scottish Open mótinu í golfi.
▶**15.45 FH - Keflavík** Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla.
**18.00 Presidents Cup 2007** Þáttur þar sem fjallað er um Forsetabikarinn 2007 en keppnin hefur verið gífurlega vinsæl undanfarin ár.
**19.00 Box** Bein útsending frá bardaga Amir Khan og Andreas Kotelnik.
**22.00 World Series of Poker 2008** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims mæta til leiks.
**22.45 World Series of Poker 2008**
**23.30 UFC Unleashed** Bestu bardagarnir í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**00.15 Ultimate Fighter** Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Goals of the Season 2004** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**18.55 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.25 Arsenal - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.05 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**22.00 WBA - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**23.45 PL Classic Matches** West Ham Utd - Manchester Utd.
**00.15 PL Classic Matches** Chelsea - Tottenham Hotspurs.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**13.10 Rachael Ray** (e)
**13.55 Rachael Ray** (e)
**14.40 Rachael Ray** (e)
**15.25 All of Us** (14:22) (e)
**15.55 America's Funniest Home Videos** (48:48) (e)
**16.20 America's Funniest Home Videos** (1:48) (e)
**16.45 How to Look Good Naked** (e)
**17.35 Matarklúbburinn** (4:8) (e)
**18.05 Greatest American Dog** (e)
**18.55 Family Guy** (7:18)(e)
**19.20 Everybody Hates Chris** (8:22) (e)
▶**19.45 America's Funniest Home Videos** (2:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
**20.10 According to Jim** (18:4) (e)
**20.40 Connie and Carla** Gamanmynd um vinkonur sem dreymir um að slá í gegn sem söngkonur en eru heldur misheppnaðar. (e)
**22.20 Dr. Steve-O** (2:7) (e)
**22.50 The Dudesons** (2:8) (e)
**23.20 Battlestar Galactica** (14:20) (e)
**00.10 Painkiller Jane** (22:22) (e)
**01.00 World Cup of Pool 2008** (e)
**01.50 Murder** (2:10) (e)
**02.40 Monitor** (4:8) (e)
**03.10 Same Sex America** (e)
**04.45 Penn & Teller. Bullshit** (e)
**05.15 Óstöðvandi tónlist**

## INN

**17.00 Mér finnst**
**18.00 Hrafnaþing**
**19.00 Mér finnst**
**20.00 Hrafnaþing**
**21.00 Græðlingur**
**21.30 Skýjum ofar**
**22.00 Borgarlíf**
**22.30 Óli á hrauni**
**23.00 Mér finnst**
**00.00 Hrafnaþing**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ILVA
einfaldlega betri kostur
ÚTSÖLUNNI
LÝKUR Á MORGUN - 19. JÚLÍ
VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
Nýtt kortatímabil
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-19 s: 522 4500 www.ILVA.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.35**

### America's Got Talent



Það kunna ekki allir að syngja eða dansa en sönnu hæfileikafólki getur verið ýmislegt annað til lista lagt. America's Got Talent er þátturinn fyrir þá. Leitin er nú hafin í þriðja sinn og hefur aldrei verið vinsælli. Líkt og síðast verða dómarar þau David Hasselhoff, Piers Morgan og Sharon Osbourne. Jerry Springer kynnir, en hann stjórnaði á sínum tíma vinsælustu og umdeildustu spjallþáttum í heimi. Hér er á ferð fjörugur og fjölbreyttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### The Mother

**Stöð 2 kl. 22.00**

Dramatísk mynd um ungan mann sem lendir í ástarsambandi við eldri konu. Það flækir málin enn frekar að hann hefur einnig átt vingott við dóttur konunnar. Aðalhlutverk: Daniel Craig, Anne Reid og Cathryn Bradshaw.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Gatan mín
**09.03** Út um græna grundu
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vistaskipti
**14.00** Til allra átta
**14.40** Lostafulli listræninginn
**15.15** Með laugardagskaffinu
**15.35** Stiklur úr furðum hversdagsins
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Í boði náttúrunnar
**17.05** Húslestrar á Listahátíð 2009
**18.00** Kvöldfréttir
**18.17** Bláar nótur í bland
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Jacqueline du Pré
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Tríó
**21.30** Án ábyrgðar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Gullöld revíunnar
**23.10** Stefnumót
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Nágrannar**
**16.20 Nágrannar**
**16.40 Nágrannar**
**17.00 Nágrannar**
**17.20 Nágrannar**
**17.40 E.R.** (20:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.30 Ally McBeal** (9:21) Ling er handtekin fyrir að vera hórumamma og Ally laðast að heimilislausum manni. Nell og John tekst loks að ná sáttum.
**19.15 X-Files** (20:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
**20.00 So You Think You Can Dance** (8:23) Keppnin í ár verður með svipuðu sniði og þær fyrri. Allt byrjar þetta á prufunum sem fram fóru í fjórum borgum. Að loknum prufunum er komið að niðurskurðarþætti í Las Vegas. Þar er skorið úr um hvaða tíu stelpur og tíu strákar komast í sjálfa úrslitakeppnina.
**21.25 So You Think You Can Dance**
**22.10 Stelpurnar** (8:20) Stöð 2 endursýnir nú valda þætti af Stelpunum sem tvisvar sinnum í röð hefur verið valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaunahátíðinni.
**22.35 E.R.** (20:22)
**23.25 Ally McBeal** (9:21)
**00.10 X-Files** (20:24)
**00.55 Stelpurnar** (8:20)
**01.20 Sjáðu**
**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.20** My Family **10.50** My Family **11.20** EastEnders **11.50** EastEnders **12.20** EastEnders **12.50** EastEnders **13.20** Hustle **14.10** Hustle **15.00** My Family **15.30** My Family **16.00** My Family **16.30** Any Dream Will Do **17.55** Gavin And Stacey **18.25** Gavin And Stacey **18.55** Dalziel and Pascoe **19.45** Dalziel and Pascoe **20.35** Waking the Dead **21.25** Any Dream Will Do **22.50** Gavin And Stacey **23.20** Gavin And Stacey **23.50** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**10.00** Boogie Mix **10.40** Hovdingebold **11.25** Flight 29 savnes! **11.50** Det lille hus på prærien **12.35** Napoleon **14.10** aHA VM **15.10** For sondagen 2009 **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **15.55** Minisekterne **16.00** Mr. Bean **16.30** TV Avisen **16.55** Tæt på tigeren **17.50** Aftentour 2009 **18.15** Merlin **19.00** Kriminalkommissær Barnaby **20.35** Nadine **21.55** Conviction **22.40** Seinfeld

## NRK 1

**10.30** Ut i naturen jukeboks **11.30** Du skal hore mye jukeboks **12.30** Norsk på norsk jukeboks **13.55** Friidrett **16.00** Skrimmel Skrammel **16.25** En gul en og en gronn en **16.30** Rosa og livet **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Hvilket liv! **18.10** Gylne klassefester **19.20** 20 sporsmål **19.45** Sjukehuset i Aidensfield **20.30** Prins Charles og den andre elskerinna **21.20** Kveldsnytt **21.35** Kjopmannen i Venedig **23.40** Dansefot jukeboks m/chat

## SVT 1

**11.05** Bikinirevolutionen **12.00** Älskar dig för evigt? **12.30** Strömsö **13.10** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.10** Allt ljus på **14.50** Allsång på Skansen **15.50** Helgmålsringning **15.55** Blomsterspråk **16.00** Rapport **16.15** Disneydags **17.00** Bobster **17.25** Bernard **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Sommarkväll med Anne Lundberg **19.00** Minnenas television **20.00** Kriminaljouren **20.45** Pistvakt **21.15** Sjukan **21.45** Nathalie **23.30** Sändningar från SVT24




## PERSÓNAN

*Guðmundur Felixson*



**Aldur:** 19 ára.
**Starf:** Vinn hjá Orkuveitunni í sumar og svo nemandi í MR.
**Stjörnumerki:** Hrútur.
**Búseta:** Bý í Vesturbænum hjá foreldrum mínum.
**Fjölskylda:** Þrír pabbar, ein mamma, ein hálfsystir og þrjár stjúpsystur.

Guðmundur er formaður Herranætur og stofnaði nýverið Félag íslenskra framhaldsskólaleikfélaga, FÍFL.



**LÁRÉTT**
**2.** ryk, **6.** samþykki, **8.** poka, **9.** bergmála, **11.** eldsneyti, **12.** peningar, **14.** mjóróma, **16.** kusk, **17.** röst, **18.** pota, **20.** tvíhljóði, **21.** málmur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** gjóta, **3.** kringum, **4.** samtal, **5.** nögl, **7.** heimakoma, **10.** struns, **13.** örn, **15.** viðskipti, **16.** umrót, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** kusk, **6.** já, **8.** mal, **9.** óma, **11.** mó, **12.** aurar, **14.** skræk, **16.** ló, **17.** iða, **18.** ota, **20.** au, **21.** stál. **LÓÐRÉTT:** **1.** gjóa, **3.** um, **4.** samræða, **5.** kló, **7.** ámusótt, **10.** ark, **13.** ari, **15.** kaup, **16.** los, **19.** aá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1 33.
2 Ísland vann, 2-0.
3 Gunnar Björn Guðmundsson.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



Háskólabíó 11. september
Miðasala hefst 20. júlí kl. 10.00
midi.is
performer ehf.

# Boðið að spila við Lake Michigan



„Þessi bareigandi rambaði inn á Hverfisbarinn fyrir slysni með vinum sínum og sat þarna meðan við vorum að spila,“ segir Sigurjón Brink tónlistarmaður, betur þekktur sem Sjonni. Hann hefur komið fram á Hverfisbarnum um árabil ásamt Gunnari Ólasyni úr Skítamóral, en þeim félögum hefur nú verið boðið til Bandaríkjanna að spila.

„Eftir giggið kom hann og talaði við okkur og lýsti yfir áhuga sínum á að fá okkur út að spila á hóteli, veitingastað og risastórum írskum bar sem hann á við Lake Michigan. Það leið svo eflaust um hálft ár þangað til ég fékk skilaboð frá honum í gegnum MySpace, en hann var þá búinn að vera að reyna að senda mér tölvupóst sem komst aldrei til skila út af einhverri síu í netvörninni hjá mér. Við komumst þá í samband og erum búnir að spjalla heilmikið saman og reyna að finna dagsetningu,“ segir Sjonni.

Aðspurður segir hann tilboðið mjög gott í ljósi núverandi gengis Bandaríkjadollars gagnvart íslensku krónunni. „Þetta er engin smá spilamennska því þarna er spilað fimm daga vikunnar og aðeins frí á mánudögum og þriðjudögum, en þetta er mjög girnilegt tilboð og eflaust aldrei eins hagstætt að gera þetta eins og núna. Við Gunni erum báðir mikið bókaðir í sumar svo við ákváðum að slá þessu á frest, en við komum pottþétt til með að fara þegar við sjáum fram á að hafa tíma og dvelja í mánuð.“ **- ag**

**MÁNUÐUR Í SPILAMENNSKU** Sjonni og Gunni Óla ætla að taka boði um að spila á hóteli, veitingastað og írskum bar við Lake Michigan í heilan mánuð um leið og tími gefst til.

**SIGURÐUR SKÚLASON:** FÉKK HLUTVERK Í MYND ALEKSANDRS SUKAROV

# Rússnesk stórmynd á Íslandi

„Þetta er stórmynd og mjög stórt verkefni fyrir okkur,“ segir Kristinn Þórðarson hjá framleiðslufyrirtækinu Saga Film um nýjustu mynd rússneska leikstjórans Aleksandr Sokurov. Myndin verður tekin að hluta til á Íslandi og með íslenskum leikurum. Sokurov sótti Ísland heim í maí og voru haldnar stórar áheyrnarprufur í samstarfi við Eskimó.



**SLÓ Í GEGN** Sigurður fékk óvænt hlutverk í kvikmyndinni við prufur í maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

„Hann var mjög spenntur að hitta íslenska leikara og hitti fjölmarga. Við erum langt komin með samningaviðræður við nokkra unga leikara, alveg frábæra. Við vorum upprunalega bara að leita að fólki í minni hlutverk en hann vildi samt hitta nokkra stærri leikara, sem ég kynnti hann svo fyrir,“ segir Andrea Brabin hjá Eskimó.

Sigurður Skúlason sló í gegn í prufunum og fékk í kjölfarið hlutverk í myndinni. Hann fór til Rússlands fyrir tveimur vikum í búningamátun, hár og förðun. „Hann mun svo halda til þeirra landa sem tekið verður upp í fyrir utan Ísland og leika í nokkra daga. Þannig að þetta er nokkuð stórt hlutverk. Það kom skemmtilega á óvart,“ segir Andrea. Ekki náðist í Sigurð í gær.

Ungu leikararnir eru fimm talsins og koma úr Listaháskóla Íslands. Þau verða í minni hlutverkum án texta, en hafa þó verið beðin um að senda mál af sér fyrir búninga. Þá er ekki loku fyrir það skotið að fleiri bætist í hópinn.

Mikil leynd er yfir myndinni. „Það liggur mikill trúnaður yfir handritinu. Sigurður er búinn að sjá það en bara af því að æfingar standa yfir. Það má enginn tjá sig um það að svo stöddu. En þetta er skemmtilegt verkefni og stórir aðilar sem koma að þessu,“ segir Andrea.



**LEIÐANDI AFL** Rússneski kvikmyndaleikstjórinn Alexandr Sokurov leitar til Íslands vegna nýrrar kvikmyndar.
NORDICPHOTOS/AFP

Endir myndarinnar er tekinn upp á Íslandi en tökur hér hefjast seinni partinn í október og standa í rúma viku. Svokallað B-Unit kemur hingað í lok mánaðar til að mynda og ferðast það vítt og breitt um landið og er tekið meðal annars úr þyrlum. Þær tökur verða svo meðal annars notaðar við tölvuvinnslu.

Aleksandr Sokurov hefur leikstýrt 47 verkum auk þess að skrifa handrit og hefur hann unnið til verðlauna á öllum helstu kvikmyndahátíðum heims, líkt og í Toronto, Montréal og Cannes. Hann hefur lengi verið leiðandi í rússneskri kvikmyndagerð og hafa myndir eins og Russian Ark, Father and Son, Aleksandra, The Sun, Mother and Son og fleiri vakið verðskuldaða athygli um allan heim.

**kbs@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Breski lögfræðingurinn Christopher Watson hefur verið við veiðar á Íslandi undanfarna daga. Watson er kunnur lögfræðingur í Bretlandi en kunnari er hann þó væntanlega fyrir að vera faðir Harry Potter-leikkonunnar **Emmu**. Watson flaug hingað til lands beint eftir frumsýningu nýjustu Harry Potter-myndarinnar í New York. Með í för var sonur hans og yngri bróðir Emmu, Alex, og besti vinur hans. Alex lék reyndar lítið hlutverk í Harry Potter-myndinni Fönixreglunni fyrir nokkrum árum. Þetta föruneyti veiddi í Norðurá, Laxá í Kjós og Langá og alls staðar veiddist vel. Má því búast við að Watson láti þetta ekki verða síðustu Íslandsheimsókn sína.



Seinna mark bikarmeistara KR í Evrópuleiknum gegn Larissa fór eitthvað illa í grísku gestina. **Kristinn Kjærnested** og aðrir höfðingjar í KR-mafíunni voru búnir að skipuleggja kvöldverð og drykki fyrir aðalmennina í gríska föruneytinu eftir leikinn. Þeir grísku strunsuðu hins vegar beint úr Frostaskjólinu eftir leikinn og kvöddu hvorki kóng né prest.



**Eiður Smári Guðjohnsen** og Auðunn Blöndal skemmtu sér saman á Mojito-kvöldi á Vegamótum á fimmtudagskvöld. Þeir félagar létu þó kokteilana vera þetta kvöldið, að minnsta kosti Eiður Smári, sem drakk bjór á milli þess sem hann gaf ungum kvenkyns aðdáendum eiginhandaráritun. **- hdm**

# Gylfi Ægis aðalnúmerið á Innipúkanum

„Þetta leggst frábærlega í mig. Innipúkinn hefur alltaf verið skemmtileg hátíð og góð stemning í kringum þetta. Dagskráin sem við erum búin að setja saman í ár er gríðarlega öflug og spennandi, þannig að ég hlakka mikið til,“ segir Eldar Ástþórsson, einn skipuleggjenda Innipúkans í ár. Hátíðin er sem fyrr haldin um verslunarmannahelgina.

Af dagskránni ber helst að nefna Agent Fresco, Benna Hemm Hemm, Borko, Diktu, FM Belfast, Fallega menn, Gylfa Ægisson og Jóhönnu Finnborgu, eða GÆJÓ, K-Trio, Mammút, Morðingjana, Ólöfu Arnalds, Seabear, Sudden Weather Change og Sykur.

Gylfi Ægisson spilar í fyrsta sinn á Innipúkanum og verður með tónleikana á laugardeginum. Þá eru þau GÆJÓ í Galtarlæk á sunnudeginum. „Mér fannst þetta sniðugt að prófa þetta. Það er fínt að fá eitt gamalmenni og unga konu, með létt og fjörugt prógramm,“ segir Gylfi. Hann lofar því að taka öll sín bestu lög. Syngur yngri kynslóðin með? „Mér sýnist það að hún kunni allavega Minningu um mann. Ef þau kunna ekki hitt þá syngur maður bara Minningu um mann allt kvöldið.“

Hátíðin í ár er haldin á Sódómu og Batteríinu og stendur í þrjá daga, en ekki tvo líkt og síðustu ár. Þá er miðaverð aðeins 2.900 krónur. „Með því að lengja hátíðina um einn dag náum við að koma að fleiri hljómsveitum og búa til stærri pakka í kringum þetta, meira fjör og meiri stemningu. Þannig að um leið að við erum að lækka miðaverðið erum við að stækka dagskrána, sem er ánægjuleg þróun,“ segir Eldar.



**FREMSTUR MEÐAL JAFNINGJA** Gylfi Ægis er tilbúinn að spila Minningu um mann alla laugardagsnóttina ef fólk þekkir ekkert annað.

Síðdegis verður svo grillað í portinu við Batteríið við undirspil trúbadora, „pop-quiz“ haldin, tónlistarmarkaður og auðvitað flæðir allt í kokteilum á „Cocktail-Zeit“. Miðasala hefst á mánudag á midi.is og í Skífunni. **- kbs**

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

# RISA MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI

Nýjar vörur daglega

## Vorum að fylla á úrvalið

**• TÓNLIST**

Tónlist frá 99 kr.

Íslensk tónlist - erlend tónlist
klassík - jazz - DVD tónlist

**• TÖLVULEIKIR**

Tölvuleikir frá 999 kr.

Leikir á allar leikjavélar
PC - PS2 - PS3
PSP - Xbox - Nintendo

**• DVD MYNDIR**

DVD myndir frá 399 kr.

Topptitlar á botnverði

Þúsundir titla í boði á ótrúlegum verðum

**OPIÐ 11 - 19** ALLA DAGA VIKUNNAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar


# Fyll'ann gremju

Þegar ég var yngri voru bensínstöðvar staðir þar sem vegfarendur námu staðar ef þá vantaði bensín. Þar var reyndar einnig boðið upp á ýmsa aðra þjónustu fyrir bílinn. Maður var ekki bara spurður hvort ætti að „fyll'ann“ heldur jafnvel líka hvort það ætti að athuga olíuna eða strjúka af framrúðunni. Þetta heyrir sögunni til. Æ víðar eru komnar afgreiðslustöðvar þar sem maður verður sjálfur að veita sér alla þá þjónustu sem mann vanhagar um, væntanlega til að koma í veg fyrir hvimleið persónuleg samskipti við starfsfólk. Eina leiðin til að „fyll'ann“ er að vita fyrirfram upp á krónu hve mikið bensín í viðbót tankurinn rúmar.

**ÞETTA** virðist þó ekki gert til að spara starfsfólk. Öðru nær. Flestar bensínstöðvar eru nefnilega orðnar einhver ofursjoppa, jafnvel smákjörbúð með Smáratorgsdrauma. Þar er nú öll áherslan lögð á að bjóða svo fjölbreytt úrval af samlokum, gosdrykkjum, smáréttum, grillmat og útilegudóti, auk þess sem þar eru sjaldnast færri en tvær alþjóðlegar skyndibitakeðjur með aðstöðu, að ekkert pláss er eftir fyrir frostlög eða vinnukonur.

**ÞÁ** voru loftmælar líka einföld, sjálfsögð og auðskilin tæki og til á öllum bensínstöðvum. Þeir líktust penna sem smellt var á ventilinn. Þrýstingurinn ýtti þar til gerðum pinna út. Því lengra út sem pinninn fór, þeim mun meiri var þrýstingurinn. Allt saman eins frumstætt, analóg og auðskilið og framast gat orðið. Nú hefur bansett framþróunin einnig náð inn á þetta svið. Horfin er sú vinalega spurning: „Getiði lánað mér loftmæli?“ Enda er auðvitað óskiljanlegt hvað samloku- eða hamborgarasali ætti að gera við slíkt tæki. Á bensínstöðvum þar sem eru mexíkóskir skyndibitastaðir er spurningin kannski eðlilegri. Loftleiðslan kemur engum inni á staðnum við, er digítal og tölvuvædd. Maður slær inn æskilegan loftþrýsting og bíður eftir pípi, eftir að einhver góðhjartaður hefur útskýrt fyrir manni hvernig þetta virkar.

**VERST** er þó að þegar maður lætur móðan mása af réttlátri vandlætingu eftir að hafa heimsótt þá framtíðar-dystópíu sem íslenskar bensínstöðvar eru upp til hópa orðnar, þá góna börnin manns á mann eins og maður sé að missa vitið. Þau heyra ekki hvöss snjallyrði reiða, unga mannsins sem glymja í eyrum manns sjálfs, heldur bara tuð í geðillu gamalmenni sem ekki nær að fylgjast með. Svona læðist tíminn aftan að manni.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 18. júlí 2009, 199. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.50 | 13.34 | 23.15 |
| Akureyri | 3.08 | 13.19 | 23.26 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


